

Ártúnshöfði

Svæði 1-4

Húsakönnun

Alma Sigurðardóttir
Drífa Kristín Prastardóttir



Reykjavík 2021

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 211




Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Ártúnshöfði

Svæði 1-4

Húsakönnun

Alma Sigurðardóttir
Drífa Kristín Þrastardóttir



Reykjavík 2021

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 211



Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Alma Sigurðardóttir

Drífa Kristín Þrastardóttir

Mynd á forsíðu:

Loftmynd tekin yfir Ártúnshöfða í september 1985 (hluti).

Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 365 RVK ÁRB 016 5-4. Ljósmyndari Kristján A. Einarsson.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 211

Reykjavík 2021

Öll réttindi áskilin.



Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Efnisyfirlit

Formáli	3
1. Saga svæðisins.....	5
1.1 Afmörkun	5
1.2 Staðhættir og örnefni	7
1.3 Upphaf byggðar á svæðinu.....	8
1.3.1 Í landi Ártúns	8
1.3.2 Krossamýrarblettir	8
1.4 Uppbygging iðnaðar og atvinnustarfsemi á svæðinu	14
1.4.1 Uppbygging og þróun byggðar á svæði 1 (1952-2010).....	15
1.4.2 Uppbygging og þróun byggðar á svæði 2 (1941-2010).....	20
1.4.3 Uppbygging og þróun byggðar á svæði 3 (1963-2010).....	23
1.4.4 Uppbygging og þróun byggðar á svæði 4 (1967-1972).....	25
2. Skráning húsa og mannvirkja	27
2.1 Um lögbundna verndun og skráningu menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja	27
2.2 Um Húsaskrá Reykjavíkur	29
2.3 Húsaskrá – Ártúnshöfði.....	31
2.3.1 Ártúnshöfði – Svæði 1	33
2.3.2 Ártúnshöfði – Svæði 2	65
2.3.3 Ártúnshöfði – Svæði 3	85
2.3.4 Ártúnshöfði – Svæði 4	129
2.4 Varðveislumat fyrir hús og mannvirki	143
2.4.1 Verndunarflokkar.....	143
2.4.2 Ártúnshöfði – Svæði 1-4: Samantekt.....	145
2.4.3 Verndarstaða húsa og mannvirkja á svæðinu gagnvart lögum	146
2.4.4 Ártúnshöfði – Svæði 1: Varðveislumat og tillögur um hverfisvernd	147
2.4.5 Ártúnshöfði – Svæði 2: Varðveislumat og tillögur um hverfisvernd	149
2.4.6 Ártúnshöfði – Svæði 3: Varðveislumat og tillögur um hverfisvernd	151
2.4.7 Ártúnshöfði – Svæði 4: Varðveislumat og tillögur um hverfisvernd	153
Heimildaskrá	157

Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar á norðvesturhluta Ártúnshöfða í Reykjavík. Könnunin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna vinnu við gerð deiliskipulags fyrir svæðið. Kveðið er á um gerð húsakönnunar vegna deiliskipulags í 37. gr. **skipulagslaga nr. 123/2010**.¹

*Þegar unnið er **deiliskipulag í þegar byggðu hverfi** skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð **húsakönnunar**.*

Ákvæði um skráningu menningarminja er jafnframt að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætið fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.²

Húsakönnunin er unnin samkvæmt leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands um húsaskráningu og gerð húsakannana. Þar er húsakönnun skilgreind sem „byggingarlistaleg og menningarsöguleg könnun sem byggir á skráningu húsa og mannvirkja sem studd er sagnfræðilegum heimildum, vettvangskönnun og mati á varðveislugildi einstakra húsa, húsasamstæða, byggðaheilda og svipmóti byggðar.“³ Húsakönnun sem unnin er fyrir hefðbundið deiliskipulag er tvíþætt; annars vegar sögulegt yfirlit um þróun byggðar og byggingarsögu svæðisins og hins vegar húsaskrá og mat á varðveislugildi einstakra húsa. Í húsakönnun tekur mat á varðveislugildi til eftirtalinna þátta: byggingarlistalegs gildis, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis, upprunaleika (upprunalegs gildis) og ástands. Út frá mati á þessum þáttum skulu færð rök fyrir varðveislugildi húsa.⁴

Svæðið sem hér er til umfjöllunar er hluti af stærra svæði sem rammaskipulag fyrir Elliðaárvog-Ártúnshöfða tekur til, sem afmarkast nokkurn veginn af Vesturlandsvegi til suðurs, Elliðaárvogi til vesturs, strandlínu uppfillinga við Elliðaárvog/Grafarvog til norðurs og Gullinbrú og Höfðabakka til austurs. Svæðið er skilgreint sem þróunarsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 (Þ87 – Elliðaárvogur-Ártúnshöfði).⁵ Svæðinu sem hér er til umfjöllunar, norðvesturhluta Ártúnshöfða, hefur síðan verið skipt í fjögur deiliskipulagssvæði (sjá mynd 1) og eru þau öll til umfjöllunar hér.⁶

Apríl 2021,
María Karen Sigurðardóttir,
deildarstjóri minjavörslu og rannsóknar,

Borgarsögusafni Reykjavíkur.

¹ Skipulagslög nr. 123/2010. Tóku gildi 1.1.2011. Sjá vef alþingis: <http://www.althingi.is> → Lagasafn.

² Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1.1.2013. Sjá vef alþingis: <http://www.althingi.is> → Lagasafn.

³ Húsaskráning - Huginn - Húsakönnun. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2, bls. 4. Sjá vef Minjastofnunar: <http://www.minjastofnun.is/> → Gagnasafn → Leiðbeiningarit.

⁴ Húsaskráning - Huginn - Húsakönnun, bls. 4 og 33-34.


⁵ Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. B-hluti - Skipulag borgarhluta, bls. 290.

⁶ Sjá skipulagslýsingar vegna deiliskipulags svæða á Ártúnshöfða við Elliðaárvog (svæði 1-3), útg. af Umhverfis og skipulagssviði, 6.12.2017. Sjá vef Reykjavíkurborgar: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Tímabil: 29.12.2017-26.1.2018 / Leit: „Elliðaárvogur lýsing“.

1. Saga svæðisins

1.1 Afmörkun

Hér fer á eftir umfjöllun um sögu og þróun byggðar á norðvesturhluta Ártúnshöfða í Reykjavík, en Ártúnshöfði er landsvæði sem gengur út á milli Elliðaársvogs og Grafarvogs. Svæðið sem hér er til umfjöllunar er hluti af stærra svæði sem rammaskipulag fyrir Elliðaárvog-Ártúnshöfða tekur til, sem afmarkast nokkurn veginn af Vesturlandsvegi til suðurs, Elliðaárvogi til vesturs, strandlínu uppfallinga við Elliðaárvog/Grafarvog til norðurs og Gullinbrú og Höfðabakka til austurs.⁷ Norðvesturhluta Ártúnshöfða hefur síðan verið skipt í fjögur deiliskipulagssvæði (sjá mynd 1) og eru þau öll til umfjöllunar hér.⁸



Mynd 1. Skipting svæðisins á Ártúnshöfða í fjögur deiliskipulagssvæði.⁹

⁷ Sjá skipulagslýsingar vegna deiliskipulags svæða á Ártúnshöfða við Elliðaárvog (svæði 1-3), útg. af Umhverfis og skipulagssviði, 6.12.2017. Sjá vef Reykjavíkurborgar: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Tímabil: 29.12.2017-26.1.2018 / Leit: „Elliðaárvogur lýsing“.

⁸ Sjá skipulagslýsingar vegna deiliskipulags svæða á Ártúnshöfða við Elliðaárvog (svæði 1-3), útg. af Umhverfis og skipulagssviði, 6.12.2017. Sjá vef Reykjavíkurborgar: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Tímabil: 29.12.2017-26.1.2018 / Leit: „Elliðaárvogur lýsing“.

⁹ Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.

Ártúnshöfði – Svæði 1

Svæðið afmarkast til vesturs af strandlínu og til norðurs af línu sem dregin er í sveig meðfram brún klettaskálar og áfram til austurs gegnum lóðir nr. 11 við Eirhöfða og 11 og 11a við Breiðhöfða, meðfram suðurmörkum lóða við Eldshöfða 2 og 4, þá til suðurs í gegnum lóð Breiðhöfða 10 og áfram til austurs meðfram Stórhöfða. Til austurs afmarkast svæðið af línu sem dregin er eftir stíg milli lóða nr 15 og 17 við Funahöfða og til suðurs af línu sem dregin er meðfram suðurmörkum lóða við Funahöfða 9-15 og Breiðhöfða 7, áfram til suðurs eftir götunni Breiðhöfða og síðan í vesturátt meðfram lóðamörkum Þórðarhöfða 4 og áfram að Sævarhöfða. Innan svæðisins standa byggingar við göturnar Malarhöfða, Eirhöfða, Breiðhöfða, Þórðarhöfða og Funahöfða, sem og hluti bygginga sem tilheyra athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða á lóðinni Sævarhöfða 6-10. Svæði 1 einkennist af blönduðum iðnaði en fyrsta fyrirtækið sem hóf starfsemi þar var Steypustöðin hf. sem byrjaði að starfa á Malarhöfða 10 í byrjun sjötta áratugar 20. aldar.

Tekið skal fram að svæðum 1 og 2 er skipt á þann hátt að hluti af athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða við Sævarhöfða 6-10 fellur innan svæðis 1, en meginhluti af byggingum og mannvirkjum stöðvarinnar fellur innan svæðis 2. Því er fjallað um Malbikunarstöðina Höfða í kafla 1.4.2. hér á eftir um uppbyggingu og þróun byggðar á svæði 2. Þrjár byggingar sem tilheyra Malbikunarstöðinni, þ.e. hluti af grjótmulningsmannvirkjum (mhl. 23, 24 og 27), eru hins vegar skráðar undir svæði 1 í húsaskrá og varðveislumati.

Mörkin milli svæða 1 og 3 skipta einnig lóðunum Breiðhöfða 11 og Eirhöfða 11 í tvennt og því er hluti húsa á þessum lóðum skráður undir svæði 1 og hluti undir svæði 3 (sjá húsaskrá og varðveislumat).

Ártúnshöfði – Svæði 2

Svæðið afmarkast til vesturs og norðurs af strandlínu og til austurs og suðurs af sveigðri línu sem miðast við brún klettaskálar nálægt vesturmörkum lóðarinnar Þórðarhöfða 4 og norðurmörkum lóðarinnar Malarhöfða 10. Innan svæðisins eru hús við götuna Sævarhöfða. Svæðið einkennist af grófum iðnaði, aðallega tengdum Malbikunarstöðinni Höfða og Vörubílastöðinni Þrótti (áður Pípugerð Reykjavíkur). Iðnaður á svæðinu hófst upp úr 1945 í kringum grjót- og sandnám bæjarins.

Ártúnshöfði – Svæði 3

Svæðið afmarkast til vesturs af brún klettaskálar sem liggur vestan lóða við Eirhöfða, til norðurs af Sævarhöfða og til austurs af bogadreginni línu sem dregin er yfir opið svæði austan Svarthöfða, frá Sævarhöfða til Stórhöfða. Suðurmörk svæðisins miðast af götulínu Stórhöfða og línu sem sveigir til norðurs í gegnum lóðina Breiðhöfða 10, svo til vesturs meðfram suðurmörkum lóða við Eldshöfða 2 og 4, áfram til vesturs þvert yfir lóðamörk Breiðhöfða 11 og Eirhöfða 11 og áfram vestur að brún klettaskálar. Innan svæðisins eru hús við göturnar Breiðhöfða, Eirhöfða, Eldshöfða, Svarthöfða og Stórhöfða. Svæðið einkennist af blönduðum iðnaði en fyrsta fyrirtækið sem hóf þar starfsemi var Ísaga árið 1964.


Þar sem mörkin milli svæða 1 og 3 skipta lóðunum Breiðhöfða 11 og Eirhöfða 11 í tvennt, er hluti húsa á þessum lóðum skráður undir svæði 1 og hluti undir svæði 3 (sjá húsaskrá og varðveislumat).

Ártúnshöfði – Svæði 4

Svæðið afmarkast af strandlínu til vesturs og norðurs, fyrirhugaðri götu vestan núverandi Bryggjuhverfis (Tangarbryggju) til austurs og Sævarhöfða til suðurs. Svæði 4 einkennist af grófum iðnaði og byggingarnar á lóðunum tveimur, Sævarhöfða 31 og 33, tilheyra allar starfsemi þeirra fyrirtækja sem þar hafa starfað síðan á sjöunda áratugi 20. aldar; Björgun hf. og Sementsverksmiðju ríkisins.

1.2 Staðhættir og örnefni

Landsvæðið sem skilgreint er í dag sem *Ártúnshöfði* tilheyrði á öldum áður tveimur bújörðum. Landið vestan í höfðanum tilheyrði *Ártúni* en austar var land *Árbæjar*. Svæðið einkennist af holtum og ásum, mýrum og ísaldarminjum sem eru sundurgrafnar vegna malarnáms. Vestan við Ártúnshöfða er *Ellidaárvogur*, þar sem nú er að mestu uppfylling. Á því svæði er gatan *Sævarhöfði*, en götunöfn á Ártúnshöfða hafa öll endinguna -höfði. Áður náði *Ellidaárvogur* inn að *Árkjöftum*, þar sem ósar *Ellidaánna* voru áður, en nú renna árnar til sjávar milli tveggja uppfyllinga. Eystri uppfyllingin hefur verið nefnd *Geirsnef*.



Mynd 2. Örnefni á svæðinu.¹⁰

Norðan og austan við Ártúnshöfða er *Grafarvogur*. Þar er líka mikil uppfylling en á henni var *Bryggjuhverfið* byggt. Svæðinu hallar til vesturs (*Ártúnshöfði*) að *Ellidaánum* frá

¹⁰ Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR), sjá Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Heimildir um örnefni, sjá tilvísun 11. Kortavinnsla: Anna Lís Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

gatnamótum Höfðabakka og Vesturlandsvegur. Austan við Sævarhöfða voru gamlar malarnámur og norðar grjótnámur. Það land er allt hreyft. Að norðan er *Ytriurð*, hár grjótbakki sem liggur niður að uppfyllingunni út í Grafarvog. Austan við Gullinbrú var *Innriurð*. *Krossamýri* var stór mýrarfláki á miðjum Ártúnshöfða, þar sem nú er Breiðhöfði. Þar voru *Krossamýrarblettir*. Afrennsli frá mýrinni var til vesturs um *Krossagil* í Elliðaárvog. Austar á svæðinu var *Jörfi* og *Borgarmýri* við Vesturlandsveg (sjá mynd 3).¹¹

1.3 Upphaf byggðar á svæðinu

1.3.1 Í landi Ártúns

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla. Svæðið sem hér er til umfjöllunar, Ártúnshöfði, tilheyrði að mestu jörðinni Ártúni, sem svæðið dregur nafn sitt af, en að hluta til einnig jörðinni Árbæ. Býlið Ártún stóð sunnan Vesturlandsvegur, austan við Elliðaár. Það var talið eign Neskirkju árið 1379 en varð síðar konungseign við siðaskipti. Á fyrri hluta 19. aldar seldi konungur flestar jarðirnar sem lágu að Elliðaánum og urðu þær þá bændaeign.¹² Ártún var í eigu Bretans H.A. Payne til 1906 þegar bæjarstjórn Reykjavíkur keypti jörðina vegna fyrirhugaðra vatnsveituframkvæmda.¹³

1.3.2 Krossamýrarblettir

Vestan megin á Ártúnshöfða var mýrlendið Krossamýri sem tilheyrði landi Ártúns.¹⁴ Ekki er kunnugt um hvernig nafngift staðarins kom til en leitt hefur verið að því líkum að nafnið hafi á einhvern hátt tengst Viðey og klausturhaldi þar.¹⁵

Árið 1933 var samþykkt í bæjarráði að úthluta landskikum úr Krossamýri til loðýraræktar¹⁶ og nokkrum árum síðar, frá 1936 til 1938, var löndum þar úthlutað til leigu eða erfðafestu. Löndin voru nefnd Krossamýrarblettir (sjá mynd 2). Vegur sem lá sunnan við blettina frá vestri til austurs, um það bil þar sem Vesturlandsvegur er nú, hét þá Mosfellssveitarvegur og var Krossamýrarvegur lagður frá honum til norðurs, þar sem nú er gatan Breiðhöfði.

Erfðafestublettir voru landskikar sem bæjaryfirvöld úthlutuðu til eignar gegn árlegri leigu og voru ætlaðir sem sumarbústaða- og ræktunarlönd. Ræktun jókst mikið í kjölfarið og bústofn Reykvíkinga stækkaði. Útdeiling erfðafestubletta úr landi Reykjavíkur hófst árið 1859 er löðum næst þéttbýlinu í Kvosinni var úthlutað til ræktunar, en færðist svo að útjöðrum bæjarlandsins, eftir því sem það stækkaði. Þeir skilmálar hvíldu á erfðafestulandi að bærinn

¹¹ Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, kort Guðlaugs R. Guðmundssonar bls. 175 og 180 – Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-2).

¹² Árni Óla: „Elliðaármálin“. *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 65 – *Dagskrá*, 13.7.1898, bls. 1 – *Fjallkonan*, 15. árg. 1898, 45. tbl., bls. 180 – *Ísafold*, 28.5.1897, bls. 107; 9.6.1897, bls. 155; 12.11.1898, bls. 279 – *Ísland*, 2. árg. 1898, 30. tbl., bls. 120 – *Nýja öldin*, 1. árg. 1897-1898, 58. tbl., bls. 232 – *Þjóðólfur*, 30.4.1897, bls. 84; 18.11.1898, bls. 216.

¹³ Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 1. bindi (A-G), bls 71-72.

¹⁴ *Þjóðólfur*, 28.4.1871, bls. 104.

¹⁵ Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 1. bindi (A-G), bls. 72.

¹⁶ *Nýja dagblaðið*, 7.12.1933, bls. 4.

gat endurheimt landið þegar á þurfti að halda vegna útpenslu byggðar.¹⁷ Á flestum erfðafestulöndunum risu hús, sem sum hver standa enn í dag innan yngra skipulags, en önnur eru horfin.

Blettirnir sem úthlutað var í Krossamýri á árunum 1936-1938 voru 15 talsins (sjá mynd 2).



Mynd 3. Kortið sýnir númer og staðsetningu Krossamýrarblettu út frá núverandi skipulagi. Sá vegur sem áður lá frá vestri til austurs um það bil þar sem nú er Vesturlandsvegur, hét Mosfellssveitarvegur og var Krossamýrarvegur lagður frá honum til norðurs, þar sem nú er gatan Breiðhöfði (vestan við bletti 2-15, austan við blett 1).¹⁸


Einn af fyrstu íbúum á Krossamýrarblettum var Jón P. Dungal. Hann fékk leyfi til að reisa einlyft timburhús (tæplega 60 ferm.) á Krossamýrarbletti 1 árið 1936. Húsið bar nafnið *Hvammur*. Það sést á loftmynd af svæðinu frá 1946 (sjá mynd 4). Krossamýrarblettur 1 mun hafa verið stærsti bletturinn í Krossamýri en þar lagði Jón grunninn að trjálundi þar sem

¹⁷ Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar*. Fyrri hluti, bls. 47-53 – Eggert Þór Bernharðsson: *Sveitin í sálinni*, bls. 63-69 – Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 40 – Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við sundin*, bls. 39 – Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi (H-P), bls. 126.

¹⁸ Samsett kort: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur: Landupplýsingar. Kortasafn. Hírsla II, mappa 13-3. Kort af Árbæ (1:5000), unnið af Forverk hf. 1962, útg. af Skipulagsstjóra ríkisins, blað 44 – Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Anna Lía Guðmundsdóttir og Alma Sigurðardóttir, Borgarsögusafni.

ræktaðar voru ýmsar sjaldgæfar plöntur og stunduð rósarækt.¹⁹ Jón hlaut viðurkenningu frá Fegrunarfélaginu í Reykjavík árið 1954 fyrir garð sinn en trjálundur hans er uppistaðan í fyrsta áfanga lystigarðs B.M. Vallár, nú að Bíldshöfða 7, sem kallaður er *Fornilundur*.²⁰ Norðan við Hvamm, einnig á Krossamýrarbletti 1, var loðdýrarækt en Sig. Arnalds auglýsti starfsemina talsvert í dagblöðum og kvaðst meðal annars taka að sér silfurrefi til fóðurs og gæslu. Fyrstu auglýsinguna má finna í dagblaðinu *Vísi* frá 1936.²¹ Óvíst er hvenær loðdýraræktinni lauk á blettinum en íbúðarhúsið Hvammur og útihús sem þar stóð voru rifin samkvæmt leyfi sem byggingarnefnd samþykkti árið 1984.²²

Búið var á að minnsta að kosti sex blettum í Krossamýri og voru margir íbúar þar með búskap. Má þar meðal annars nefna Krossamýrarblett 14, en þar bjó Þorkell Einarsson með fjölskyldu sinni í um það bil 20 ár (sjá mynd 4). Þorkell, sem var húsasmíðameistari, reisti einnig trésmíðaverkstæði og hesthús á lóð sinni. Meðfram trésmíðinni rak hann búskap með fáeinum kindum, kúm og hestum.²³



Mynd 4. Á korti breska hersins frá 1941 sést staðsetning Ártúnshöfða og upphaf byggðar á Krossamýrarblettum (ferkantaðir skikar fyrir miðju). Sunnan við blettina má sjá Mosfellsveg, sem liggur frá vestri til austurs (þar sem Vesturlandsvegur er nú).²⁴

¹⁹ *Morgunblaðið*, 1.8.1995, bls. 12.

²⁰ *Tíminn*, 30.9.1954, bls. 8.

²¹ *Nýja dagblaðið*, 22.11.1936, bls. 4.

²² Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B). Krossamýrarblettur 1 (B/3204).

²³ *Morgunblaðið*, 20.6.2003, bls. 38.

²⁴ Borgarsögusafn Reykjavíkur: Deild minjavörslu og rannsókna (Árbæjarsafni). Kortasafn. Kort af Reykjavík og Hafnarfirði 1941 (1:25.000), unnið af kortadeild breska hersins (Geographical Section, General Staff, no. 4186), útg. af War Office 1941. Sjá teikningavef skjalavers Reykjavíkurborgar: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Borgarsögusafn Reykjavíkur → Leitarorð: 1941.



Mynd 5. Krossamýrarblettur 14, hús Þorkels Einarssonar. Landið var tekið úr erfðafestu árið 1966.²⁵



Mynd 6. Horft yfir Krossamýrarbletti á loftmynd frá 6. mars 1946. Efst á myndinni má sjá sex loftskæta-möstur og vestan við þau, fyrir endanum á Krossamýrarbletti 1, bragga sem hafa að öllum líkindum tengst herskálaverfi frá tímum seinni heimsstyrjaldar. Vestanvert á Krossamýrarbletti 1 er húsið Hvammur og hús undir loðdýrarækt, en vestan við loðdýraræktina sjást ummerki um grjót- og sandnám bæjarins.²⁶

²⁵ Ljósmynd í einkaeigu. Afrit í förum Borgarsögusafns Reykjavíkur, skráð í fornleifaskrá, nr. 181182-33, sjá Sarp - Menningarlegan gagnagrunn: sarpur.is. Ljósmyndari ókunnur.

²⁶ Ljósmyndasafn Reykjavíkur ÁBS LS 33-47. Ljósmyndari Sigurhans Vignir.

Erfðafestublettir á svæðinu

Heiti og númer lands	Upphafleg notkun	Byggingarár	Núverandi staða
Krossamýrarblettur 1	<i>Hvammur</i> / íbúðar- og útihús Loðdýrarækt Sig. Arnalds	1933-1936	Horfið Fornilundur nú Bíldshöfði 7 Horfið
Krossamýrarblettur 2	Óbyggt, notkun ókunn		
Krossamýrarblettur 3	Óbyggt, notkun ókunn		
Krossamýrarblettur 4	25 fm hús og geymsluskúr, fjós og hlaða, byggt í óleyfi. Stærri hús byggt með leyfi.	?	Horfið
Krossamýrarblettur 5	Óbyggt, notkun ókunn		
Krossamýrarblettur 6	Íbúðarhús	1948	Horfið
Krossamýrarblettur 7	Sumarhús og íbúðarhús / <i>Sorpeyðingarstöðin</i>	1952 / 1958	Horfið
Krossamýrarblettur 8	<i>Byggingariðjan</i> / verksmiðja (fluttist yfir á Krossamýrarblett 7)	1963	Verksmiðja stendur enn, nú við Breiðhöfða 10
Krossamýrarblettur 9	Íbúðarhús	<1951	Horfið
Krossamýrarblettur 10	Sumarhús / síðar <i>Sorpeyðingarstöðin</i>	1939 / 1958	Horfið
Krossamýrarblettur 11	Ræktun		
Krossamýrarblettur 12	Ræktun		
Krossamýrarblettur 13	Skúrar	<1942	Horfið
Krossamýrarblettur 14	Íbúðar- og hesthús ásamt smíðaverkstæði	1944	Horfið
Krossamýrarblettur 15	Íbúðarhús og verkstæðishús/ bifreiðarskýli (Þungavinnuvélar hf.) síðar Bíldshöfði 12-14	1961	Horfið

Í mörgum tilfellum var erfðafesturétturinn á Krossamýrarblettum framseldur frá manni til manns og ekki byggt á löndunum fyrr en nokkru eftir að þeim var úthlutað. Samkvæmt samþykktum teikningum af byggingum sem byggðar voru á Krossamýrarblettum má sjá að yfirleitt var um að ræða minni íbúðarhús eða sumarhús ýmist úr timbri eða steinsteypu, reist á árunum 1936-1963. Nokkuð var um umsóknir handhafa erfðafestulanda að nýbyggingum eða stækkun húsa. Flestum umsóknanna var synjað og var því nokkuð um ósamþykktar minni byggingar og skúra.

Upp úr 1950 fór að bera á iðnaði á Krossamýrarblettunum og má ætla að það hafi verið fyrsti vísirinn að þeim iðnaði sem við þekkjum á Ártúnshöfðanum í dag. Iðnaðarstarfsemin átti ekki alltaf samleið með íbúðarhúsunum sem fyrir voru. Til að mynda var Sorpeyðingarstöðin (fyrirrennari SORPU) staðsett á Krossamýrarblettum 7 og 10 (síðar Stórhöfði) á árunum 1958-1978 (sjá mynd 6). Sorpeyðingarstöðin var því mitt á milli bletta númer 6 og 11 og 8 og 9, þar sem voru meðal annars íbúðarhús. Í Sorpeyðingarstöðinni var tekið við úrgangi af höfuðborgarsvæðinu og hann flokkaður. Lífrænn úrgangur fór í gerjun og

úr honum búinn til skarni sem notaður var sem áburður. Mest af úrganginum fór í malargryfjur við Vesturlandsveg, Grafarvog, Ártún og Geirsnef.²⁷ Sorpeyðingarstöðin olli íbúum á Krossamýrarbletti 9 töluverðum óþægindum sökum mengunar, líkt og kemur fram í bréfaskriftum íbúa og bæjarráðs Reykjavíkur frá 1959, þar sem er meðal annars bent á að áburði úr úrgangi hafi verið sturtað fyrir framan lóðir með þeim afleiðingum að drykkjarvatn hafi spillst.²⁸



Mynd 7. Sorpeyðingarstöðin í Krossamýri (nú Stórhöfða), sem var í notkun frá 1958-1978.²⁹

Af bréfaskriftunum íbúa og bæjarráðs má jafnframt ætla að herbúðir hafi verið í kringum svæðið en í bréfi frá 1976 segir: „Tilraunir munu hvorki hafa verið gerðar til að rækta, girða né byggja landið, og er það því með sömu ummerkjum og það var í útvísuninni. Herbúðir á og við landið, hafa hamlað framkvæmdunum.“³⁰ Hér er að öllum líkindum átt við leifar eftir veru setuliðsins en sjá má möstur og bragga frá árum síðari heimstyrjaldar, 1940-1945, á loftmynd af svæðinu frá 1946 (sjá mynd 4). Ætla má að nokkrir herkampar hafi verið staðsettir í landi Ártúns og að einn þeirra hafi verið í Krossamýri.³¹

Árið 1963 var erfðafestuhöfum sagt upp samningi sínum og upp úr 1970 voru flest húsanna fjarlægð. Undanskilinn var Krossamýrarblettur 15 (nú Bíldshöfði 12-14), þar sem Þungavinnuvélar hf. höfðu verið með verkstæðishús, og Krossamýrarblettur 7 (nú Breiðhöfði 10), þar sem Byggingariðjan (nú Einingaverksmiðjan) er til húsa. Strengjasteypuverksmiðjubygging Einingaverksmiðjunnar (Breiðhöfði 10, mhl. 01) er eina húsið frá tíð Krossamýrarbletta sem stendur enn innan núverandi skipulags.

²⁷ *Ársskýrsla SORPU 2011*, bls. 19. Sjá heimasíðu Sorpu: <http://www.sorpa.is> → Útgefið efni → Eldri ársskýrslur → Ársskýrsla 2011 → https://sorpa.dccweb.net/media/2/arsskyrsla_sorpa_2011_net_opnur.pdf. Sótt: 6.4.2021.

²⁸ Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Krossamýrarblettur 9 (E/537).

²⁹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: PTH 029 054 2-2. Ljósmyndari Pétur Thomsen.

³⁰ Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Krossamýrarblettur 9 (E/537).

³¹ Árni Hjartarson og Helgi M. Sigurðsson: *Ellidaárdalur. Perla Reykjavíkur*, bls. 154.

1.4 Uppbygging iðnaðar og atvinnustarfsemi á svæðinu

Saga Ártúnshöfða í þeirri mynd sem hann er í dag nær aftur til sjöunda áratugar 20. aldar en þá kom út *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*. Í því var gerð grein fyrir staðsetningu á fyrirhuguðum iðnaðarsvæðum í borginni. Gert var ráð fyrir að iðnaðarhverfi risi á Ártúnshöfða, milli Grafarvogs og háspennulínu norðan Árbæjarhverfis (sjá mynd 7). Samkvæmt skipulaginu var miðhluta Ártúnshöfða skipt í litlar iðnaðarlóðir. Nær Vesturlandsvegi voru lóðirnar nokkuð stærri eða um 1ha. Ráðgert var að reisa knattvelli og hverfismiðstöð með verslunum, veitingastofum og barnagæslu í hverfinu og áttu götunöfn að vísa til þeirrar iðnaðarstarfsemi sem þar átti að verða, svo sem Hamarshöfði, Smiðshöfði, Bíldshöfði, Vagnhöfði og svo framvegis.³² Öll götunöfn á Ártúnshöfða enda á -höfði.




Mynd 8. Myndin sýnir áætlun um notkun borgarlandsins í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1962-1983. Blágrái liturinn sýnir fyrirhuguð iðnaðar- og vörugæmslusvæði á og við Ártúnshöfða.³³

Í fyrstu gekk heldur hægt að koma fyrirtækjum á Ártúnshöfða þar sem þau vildu heldur lóðir og athafnasvæði vestan Elliðaána, í grennd við helstu íbúðarhverfi borgarinnar. Var byggðin því nokkuð dreifð. Það rættist engu að síður úr aðsókninni enda buðu lóðirnar við Ártúnshöfða upp á hagkvæmt athvarf fyrir iðnrekendur sem höfðu rekið starfsemi sína í bílskúrum eða við ófullnægjandi skilyrði.³⁴ Líkt og mynd 8 gefur til kynna var iðnaðarhverfið á Ártúnshöfða farið að líkjast því sem við þekkjum í dag á 8. og 9. áratug 20. aldar en þá voru Krossamýrarblettir ekki lengur sjáanlegir. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þróun uppbyggingar á deiliskipulagssvæðunum fjórum á Ártúnshöfða, svæði 1, 2, 3, og 4.

³² *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*, bls. 193.

³³ *Aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016*, brot úr korti yfir landnotkun.

³⁴ Páll Línal: *Reykjavík. Bygðarstjórn í þúsund ár*, bls. 107-108 og 218-219.



Mynd 9. Loftmyndir teknar á árunum 1954-1990 sem sýna þróun uppbyggingar á svæðunum fjórum á Ártúnshöfða. Hvert deiliskipulagssvæði hefur sinn lit en lituðu byggingarnar tákna núverandi hús og mannvirki á svæðinu sem höfðu verið reist á þeim tíma þegar hver loftmynd var tekin.³⁵

1.4.1 Uppbygging og þróun byggðar á svæði 1 (1952-2010)

Svæðið afmarkast til vesturs af sjávarlínu og til norðurs af línu sem dregin er í sveig meðfram brún klettaskálar og áfram til austurs gegnum lóðir nr. 11 við Eirhöfða og 11 og 11a við Breiðhöfða, meðfram suðurmörkum lóða við Eldshöfða 2 og 4, þá til suðurs í gegnum lóð Breiðhöfða 10 og áfram til austurs meðfram Stórhöfða. Til austurs afmarkast svæðið af línu sem dregin er eftir stíg milli lóða nr 15 og 17 við Funahöfða og til suðurs af línu sem dregin er meðfram suðurmörkum lóða við Funahöfða 9-15 og Breiðhöfða 7, áfram til suðurs eftir götunni Breiðhöfða og síðan í vesturátt meðfram lóðamörkum Þórðarhöfða 4 og áfram að Sævarhöfða. Innan svæðisins standa byggingar við göturnar Malarhöfða, Eirhöfða,

³⁵ Loftmyndir úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR), Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Opna valglugga → Saga og þróun. Sótt 12.7.2018. Kortavinnsla: Alma Sigurðardóttir, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Breiðhöfða og Funahöfða, sem og hluti bygginga sem tilheyra athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða á lóðinni Sævarhöfða 6-10.³⁶

Uppbygging á svæði 1 hófst á fyrri hluta sjötta áratugarins með starfsemi Steypustöðvarinnar að Malarhöfða 10 (áður Sævarhöfði 4). Steypustöðin var frumkvöðull í Evrópu í því að framleiða steypu í steypubifreiðum og ruddi þannig brautina í mannvirkjagerð á Íslandi á hinum mikla uppgangstíma eftir lok síðari heimstyrjaldar. Fyrirtækið, sem núverandi starfsemi byggist á, var stofnað 1947 og er meginstarfsemi þess er enn sú sama, framleiðsla á blautsteypu og hellum.³⁷



Mynd 10. Steypustöðin hóf starfsemi árið 1947 og var frumkvöðull í Evrópu í að framleiða steypu í steypubifreiðum.³⁸ Á myndinni má sjá matshluta 07 sem er aðflutt sænsk steypustöð (kölluð stöð nr. 2), reist árið 1964.

Í dag eru tíu byggingar og mannvirki á lóðinni Malarhöfða 10, þar á meðal geymslur, steypustöðvar, síló, afgreiðslubygging, verkstæði og rannsóknar- og skrifstofuhúsnæði.

Elsta húsið á lóð Steypustöðvarinnar og á svæði 1, matshluti 05, var reist sem vélaverkstæði árið 1952 samkvæmt Fasteignaskrá. Ekki finnast upprunalegar teikningar af húsinu, sem hefur tekið þó nokkrum breytingum. Upphafleg notkun hússins hefur engu að síður haldist sú sama í grunninn, en í dag eru múrverslun og verkstæði í húsinu. Óvíst er hvort vélaverkstæðishúsið hafi verið fyrsta húsið sem reist var á lóðinni en sjá má aðra byggingu sem stóð andspænis því (þar sem matshluti 04 er í dag) á loftmynd frá 1954. Samkvæmt munnlegri heimild starfsmanns Steypustöðvarinnar mun það hafa verið fyrsta steypustöðin sem reis á lóðinni en sú steypustöð var síðar flutt á Selfoss.³⁹

Líkt og sjá má á mynd 8, sem sýnir uppbyggingu á svæði 1, var einungis búið að reisa byggingar á tveimur lóðum á svæðinu árið 1965. Annars vegar á lóð Steypustöðvarinnar að

³⁶ Fjallað er um Malbikunarstöðina Höfða í kafla 1.4.2 hér á eftir um uppbyggingu og þróun byggðar á svæði 2. Hins vegar falla þrjár byggingar sem tilheyra Malbikunarstöðinni, þ.e. hluti af grjótmulningsmannvirkjum (mhl. 23, 24 og 27) innan svæðis 1 og eru skráðar undir svæði 1 í húsaskrá og varðveislumati. Mörkin milli svæða 1 og 3 skipta einnig lóðunum Breiðhöfða 11 og Eirhöfða 11 í tvennt og því er hluti húsa á þeim lóðum skráður undir svæði 1 og hluti undir svæði 3 (sjá húsaskrá og varðveislumat).


³⁷ Vefur Steypustöðvarinnar: <http://www.steypustodin.is> → Um okkur → Saga Steypustöðvarinnar ehf. og Loftorku ehf. Sótt 6.6.018.

³⁸ Upplýsingar og mynd af vef Steypustöðvarinnar: <http://www.steypustodin.is> → Um okkur → Saga Steypustöðvarinnar ehf. og Loftorku ehf. Sótt 6.6.018.

³⁹ Munnleg heimild: Árni Ragnarsson, verkstæðisformaður Steypustöðvarinnar, dags. 14.6.18.

Malarhöfða og hins vegar á lóð Byggingariðjunnar (nú Einingaverksmiðjan) að Breiðhöfða 10 (áður Krossamýrarbletti 7). Byggingariðjan sérhæfði sig í framleiðslu forsteypra eininga til byggingarframkvæmda og var á meðal fyrstu fyrirtækja á landinu sem framleiddu steinsteypueiningar, þá aðallega fyrir iðnaðarhús en einnig íbúðarhús og skóla.⁴⁰ Núverandi fyrirtæki á lóðinni, Einingaverksmiðjan, byggðir á hinn upphaflegu starfsemi Byggingariðjunnar og sinnir samskonar framleiðslu, en Byggingariðjan varð gjaldþrota árið 1993.⁴¹

XIV TIMARIT VFI 1959



Aðeins

STEYPUSTÖÐIN

tryggir yður örugga og góða steypu

Ástæðurnar eru þessar:

1. Nákvæmt eftirlit með hráefnum.
2. Allt efni vegið.
3. Framleiðslan öll undir eftirliti byggingarverkfræðings.

Hafið samband við okkur um allar steypuþarfir yðar. Það verður hagkvæmast og ódýrast.

STEYPUSTÖÐIN H.F.

Sími 33600




Verksmiðjuframleiðsla á bitum, stoðum, plötum og öðrum byggingareiningum úr steinsteypu og strengjasteypu (forspenntri steinsteypu).

BYGGINGARIÐJAN H.F.

Skrifstofa: Brautarholti 20.
Sími 22231.

Verksmiðja: Krossamýrarvegi
Artúshöfða.



Framleiðsla á strengjasteypubitum á 75 m löngum spennibekk (Byggingariðjan hf.).

Myndir 11 og 12. T.v.: Auglýsingar fyrstu fyrirtækjanna á svæði 1, Steypustöðvarinnar og Byggingariðjunnar hf., í *Timariti Verkfræðingafélags Íslands* 1959. T.h.: Mynd úr umfjöllun í tímaritinu *Iðnaðarmálum* frá 1960.⁴²

Elsta byggingin á lóð Einingaverksmiðjunnar er strengjasteypuverksmiðja (mhl. 01), en hún var hönnuð af einum af stofnendum Byggingariðjunnar og framkvæmdastjóra fyrirtækisins, Helga Hannesi Árnasyni verkfræðingi. Teikningar Helga af verksmiðjunni eru frá 1961 og var hún brunavirt árið 1963. Samkvæmt Fasteignaskrá er byggingarar verksmiðjunnar 1967 en ljóst er að byggingin var risin fyrir þann tíma. Líkt og fram kom í kafla 1.2.3 þar sem fjallað er um Krossamýrarbletti, hóf Byggingariðjan starfsemi á blettunum í upphafi 6. áratugarins en strengjasteypuverksmiðjubyggingin er eina húsið af þeim sem byggð voru á Krossamýrarblettum sem enn stendur innan núverandi byggðar. Ólíklegt er að strengjasteypuverksmiðjan hafi verið fyrsta húsið sem reist var fyrir starfseminu en samkvæmt brunavirðingum frá árinu 1963 tilheyrðu tvö verksmiðjuhús, skrifstofuhús og mötuneyti þá starfseminni á lóðinni. Myndir og auglýsingar í tengslum við starfsemi Byggingariðjunnar frá

⁴⁰ *Morgunblaðið*, 27.4.1990, bls 12-13.

⁴¹ *Dagblaðið Vísir*, 21.5.1993, bls. 6.

⁴² *Timarit Verkfræðingafélags Íslands*, 1.2.1959, bls. 14 – Mynd: *Iðnaðarmál*, 1.4.1960, bls. 55.

1959 og 1960 renna enn frekari stoðum undir þá ályktun, en á þeim má meðal annars sjá inn í verksmiðjuskála Byggingariðjunnar (sjá myndir 13 og 14).⁴³

Þrátt fyrir stóra lóð Einingaverksmiðjunnar standa einungis tvær byggingar á henni í dag. Fyrir utan strengjasteypuverksmiðjuna stendur þar skrifstofu- og þjónustubygging (mhl. 02), hönnuð af Dagnýju Helgadóttur arkitekt, sem er dóttir Helga Hannesar, eins af stofnendum Byggingariðjunnar og hönnuðar strengjasteypuverksmiðjunnar. Byggingin er óvenjuleg að því leyti að inn í hana er felld spennistöð Rafmagnsveitu Reykjavíkur frá 1968. Ætla má að bygging hússins hafi tekið þó nokkurn tíma frá því hún var fyrst samþykkt árið 1983 en byggingarár hennar samkvæmt Fasteignaskrá er 1997. Í tímariti Dagsbrúnar frá 1989, þar sem fjallað var um starfsemi Steypustöðvarinnar og Byggingariðjunnar, kom meðal annars fram að starfsmannaaðstaða Byggingariðjunnar væri hrörleg sökum þess hversu lengi skrifstofu- og þjónustubyggingin hefði verið í byggingu. Ástæðan fyrir seinaganginum, að sögn forstöðumanns fyrirtækisins á þeim tíma, voru „hreinlega blankheit“.⁴⁴



Grunnur skrifstofu- og mótuneytishúss Byggingariðjunnar hefur staðið svona óbreyttur í sjö ár. Ellefu ár eru liðin síðan teikningar þessa húss voru samþykktar af borgaryfirvöldum — en enn hefur ekki meira verið gert.



„Eldhús“ starfsmanna Byggingariðjunnar. Þar er kaffi á könnunni og hægt að fá upphitaða skyndibita í hádeginu.



Tveir starfsmenn Byggingariðjunnar lofta út af útikamrinum, sem er áfastur kofanum þar sem kaffistofa þeirra er.

Myndir 13, 14 og 15. Ófullnægjandi starfsmannaaðstaða Byggingariðjunnar fyrir tíð þjónustu- og skrifstofubyggingarinnar var til umfjöllunar í tímariti Dagsbrúnar árið 1989, en á þeim tíma var kaffistofa fyrir 30 starfsmenn í kofa með áföstum útikamri.⁴⁵

Þrátt fyrir fremur hæga uppbyggingu fyrst um sinn á svæði 1 fór það að taka á sig frekari mynd í lok 7. áratugarins og í upphafi þess 8. þegar þar risu geymsluskemmur Vélamiðstöðvar Reykjavíkurborgar að Þórðarhöfða 4 (áður Breiðhöfði 7), vörugeymslur Vatnsveitu Reykjavíkur að Eirhöfða 11 (áður Breiðhöfði 13) og röð iðnaðarhúsa við Funahöfða.

Geymsluskemmurnar að Þórðarhöfða 4 eru tólf sambyggðar bogaskemmur byggðar á árunum 1965-1979 fyrir Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar. Skemmunum var ætlað að hýsa efni og áhöld fyrir starfsemi borgarinnar. Jafnframt var ætlunin að leigja einhverjar skemmur út, líkt og fram kemur í umfjöllun um uppbyggingu Ártúnshöfða í *Vísi* 11. ágúst 1965. Skemmurnar eru enn í notkun sem geymslur fyrir hina ýmsu starfsemi.

⁴³ *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands*, 1.2.1959, bls. 14 – *Iðnaðarmál*, 1.4.1960, bls. 55.

⁴⁴ *Dagsbrún*, 1.5.1989, bls. 8-9.

⁴⁵ *Dagsbrún*, 1.5.1989, bls. 8-9.

Meðal bygginga sem reistar voru fyrir Vatnsveitu Reykjavíkur á svæðinu á sjötta og sjöunda áratugnum eru tvær vöruheymslur með bogapaki, teiknaðar af Magnúsi Skúlasyni arkitekt á árunum 1970-1972 (Eirhöfði 11, mhl. 02 og 04). Vöruheymslurnar urðu síðar þrjár (mhl. 06, miðjuskemman, bættist við 1987) en ein þeirra, mhl. 04, sem stendur vestast, mun byggð að hluta til úr efni úr íþróttahúsinu *Hálogalandi*. Íþróttahúsið var byggt um 1943 fyrir hernámslið Bandaríkjamanna og stóð þar sem gatan Skeiðarvogur liggur nú til norðausturs frá Suðurlandsbraut.⁴⁶



Mynd 16. Mynd af geymsluskemmum Reykjavíkurborgar við Þórðarhöfða 4, teknar í ágúst 2019.⁴⁷

Skemmurnar standa sem óvenjuleg heild annars dæmigerðra iðnaðarhúsa, bæði vegna sögulegs gildis og óvenjulegrar samsetningar í byggingarstíl, en í miðjuskemmunni (mhl. 06) gætir póstmódernískra áhrifa. Í dag eru bílasölur með starfsemi í skemmunum og tilheyra þær því ekki lengur starfsemi Vatnsveitunnar.

Uppbyggingin sem átti sér stað í upphafi áttunda áratugarins á svæði 1 átti í raun við um allt iðnaðarhverfið á Ártúnshöfða, en frá þeim tíma fór það að byggjast hraðar upp og varð fljótt með stærstu iðnaðarhverfum borgarinnar. Til að mynda voru fyrirtæki á Ártúnshöfða um það bil 120 árið 1977 og starfsmenn þeirra um 3000.⁴⁸ Byggðin sem reis á þessum árum (1970-1980) er líklega hvað mest einkennandi fyrir byggð á Ártúnshöfða, sunnan Stórhöfða og austan Breiðhöfða, þar sem samfelldar og reglufastar raðir iðnaðarhúsa mynda heilsteyptar götumyndir. Iðnaðarhúsin sem standa við Funahöfða á svæði 1 eru gott dæmi um slíkt.

⁴⁶ Helga Maureen Gylfadóttir o.fl.: *Húsakönnun. Vogahverfi*. Minjasafn Reykjavíkur, skýrsla 151, bls. 22.

⁴⁷ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: VAT 0012 (hluti). Ljósmyndari: Valdimar Thorlacius. Mynd úr verkefninu „Myndræn skráning - borg í breytingum“ sem unnið var fyrir Borgarsögusafn og Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur 2019-2020.

⁴⁸ Páll Líndal: *Reykjavík. Byggðarstjórn í þúsund ár*, bls. 107-108 og 218-219.

1.4.2 Uppbygging og þróun byggðar á svæði 2 (1941-2010)

Svæði 2 á Ártúnshöfða er vestast af þeim deiliskipulagssvæðum sem hér eru til umfjöllunar. Svæðið afmarkast til vesturs og norðurs af strandlínu og til austurs og suðurs af sveigðri línu sem miðast við brún klettaskálar nálægt vesturmörkum lóðarinnar Þórðarhöfða 4 og norðurmörkum lóðarinnar Malarhöfða 10.

Svæðið er eitt af elstu iðnaðarsvæðunum á Ártúnshöfðanum en þar hófst uppbygging í kringum grjót- og sandnám bæjarins á fyrri hluta 5. áratugarins. Á loftmynd af svæðinu frá 1954 má sjá skúra sem tilheyrðu starfsemi á svæðinu, en ætla má að ýmsar geymslur og skúrar hafi verið flutt þangað í kjölfar vaxandi iðnaðar á Ártúnshöfðanum. Elsta húsið á svæði 2 er dæmi um slíkt, Sævarhöfði 6-10, matshluti 16, en það mun vera gamall grjótmulnings-skúr, byggður 1941 samkvæmt Fasteignaskrá. Húsið er annað af tveimur eldri húsum af deiliskipulagssvæðunum sem standa innan um þá byggð sem tilheyrir núverandi skipulagi (2021) og sjást á loftmynd frá 1954 (sjá mynd 8). Önnur mannvirki og hús frá þeim tíma hafa verið fjarlægð, svo sem grjótmulningsvél (sjá mynd 17) sem stóð þar sem „nýja grjótmulningsstöðin“ svokallaða stendur í dag. Nústandandi grjótmulningshúsi (mhl. 22) svipar til eldri grjótmulningsvélarinnar í útliti og notkun.



Mynd 17. Grjótmulningsvél við grjót- og sandnám Reykjavíkurbæjar árið 1944.⁴⁹

Grjótmulningsstöðin var elst þeirra fyrirtækja sem Reykjavíkurbær átti og var starfrækt á Ártúnshöfða, en grjótið sem þar var notað við framleiðslu var meðal annars sprengt við Elliðaárvog en síðar í grjótnámi Reykjavíkurborgar í Selási.⁵⁰ Grjótið frá Selási var flutt á

⁴⁹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: LOG 018 1-2. Ljósmyndari óþekktur.

⁵⁰ *Vísir*, 11.8.1965, bls. 8.

stórum vögnum í Grjótmulningsstöðina á Ártúnshöfða. Þar tók við vinnsluferli í grjótmulningsstöð sem samanstendur af fjórum byggingum sem tengjast með færibandi, byggðar 1961 eftir teikningum Rögnvaldar Þorsteinssonar bæjarverkfræðings. Grjótmulningss húsin í grjótmulningsstöðinni eru einstök í borgarsögunni, meðal annars vegna þess að þar er um að ræða fágæta yfirbyggða starfsemi. Grjótið sem mulið var í grjótmulningshúsunum var meðal annars notað sem undirlag fyrir flestar götur borgarinnar. Starfsemin sem fram fór í húsunum hefur því sterk tengsl við innviðasögu Reykjavíkurborgar ásamt því að bera atvinnusögu svæðisins og sögu gatnamála vitni.



Mynd 18. Horft yfir athafnasvæði Grjótnáms Reykjavíkur (1960-1965). Í forgrunni má sjá grunn að byggingu Pípugerðar Reykjavíkurborgar sem reist var 1965. Fyrir miðri mynd má sjá „nýju grjótmulningsstöðina“ sem samanstendur af fjórum húsum sem tengjast með færibandi. Í baksýn sést athafnasvæði Steypustöðvarinnar að Malarhöfða.⁵¹

Í kjölfar starfsemi grjót- og sandnáms bæjarins hóf Malbikunarstöð Reykjavíkur störf á Sævarhöfða 6-10 árið 1963. Malbikunarstöð Reykjavíkur framleiddi bæði viðgerðar- og nýbyggingarefni fyrir Reykjavíkurborg en þar var einnig selt malbik til einstaklinga og fyrirtækja.⁵² Nú starfar á lóðinni Malbikunarstöðin Höfði en hún varð til við samruna borgarfyrirtækjanna Grjótnáms Reykjavíkurborgar og Malbikunarstöðvarinnar. Malbikunarstöðin Höfði er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf.⁵³ Malbikunarstöðin Höfði framleiðir meðal annars malbik, grjótmulning, ofaníbúrd og önnur möluð steinefni. Líkt og sjá má á mynd 8 af þróun uppbyggingar á svæðinu voru mannvirki í tengslum við starfsemi Malbikunarstöðvarinnar aðallega reist á árunum 1963-1982. Ber þá helst að nefna

⁵¹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 1997 75 158. Ljósmyndari ókunnur.

⁵² *Vísir*, 11.8.1965, bls. 9.

⁵³ Vefur Malbikunarstöðvarinnar Höfða: <https://malbik.is> → Fyrirtækið. Sótt 24.2.2018.

færanlegar malbikunarstöðvar frá Via Nova í Danmörku og skrifstofuhús (vigtunarhús) sem reist var 1982 eftir teikningum Hauks Viktorssonar arkitekts.



Mynd 19. „Nýja grjótmulningsstöðin“ árið 2019.⁵⁴

Önnur fyrirtæki fylgdu eftir og fluttu starfsemi sína á svæði grjótnámsins. Pípugerð Reykjavíkur reisti veglega verksmiðju norðan við Malbikunarstöðina, að Sævarhöfða 12, árið 1965. Nýju verksmiðjunni var ætlað að framleiða steinsteyptar pípur og holræsabrunna.⁵⁵ Með tilkomu Pípugerðarinnar var stigið stórt skref fram á við í pípugerð á Íslandi. Vélabúnaður var innfluttur og nútímalegur, ásamt því sem vinnutilhögun var með betri hætti en tíðkast hafði.⁵⁶

Engar upprunalegar teikningar finnast af byggingu Pípugerðarinnar en samkvæmt grein sem birtist í *Morgunblaðinu* 2. júní 1965, þar sem fjallað var um starfsemina, kemur fram að trésmíðameistari byggingarinnar hafi verið Kristján Pétursson. Bygging Pípugerðarinnar er nokkuð frábrugðin öðrum iðnaðarbyggingum á svæðinu, en húsið samanstendur af vinnuskálum, tveim álmum með bogapaki, byggðum í vinkel, ásamt vinnuskála. Í dag (2021) er Vörubílastöðin Þróttur með starfsemi sína í gömlu húsakynnum Pípugerðar Reykjavíkur, en fyrirtækið var selt á seinni hluta tíunda áratugar 20. aldar.

Þrátt fyrir að starfsemi Malbikunarstöðvarinnar Höfða og Vörubílastöðvarinnar Þróttar (í fyrrum húsi Pípugerðar Reykjavíkur) hafi verið einna mest einkennandi fyrir svæði 2 þá ber einnig að nefna endurvinnslustöð SORPU að Sævarhöfða 21. Þar gefst íbúum og fyrirtækjum

⁵⁴ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: VAT 0222 (hluti). Ljósmyndari: Valdimar Thorlacius. Mynd úr verkefninu „Myndræn skráning - borg í breytingum“ sem unnið var fyrir Borgarsögusafn og Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur 2019-2020.

⁵⁵ *Vísir*, 14.6.1965, bls. 3.

⁵⁶ *Vísir*, 14.6.1965, bls. 3.

með smærri farma kostur á að koma með úrgang til endurvinnslu og förgunar. Í dag (2021) er þetta eina starfsemin á vegum SORPU á Ártúnshöfða en fyrirtækið hefur einnig verið staðsett á Krossamýrarblettum (sorpeyðingarstöð 1958-1978), við Grafarvog (sorbrennsla 1953-1967) og á Geirsnefi (urðunarstaður 1960-1967).⁵⁷



Mynd 20. Markús Einarsson aðstoðarverkstjóri Pípugerðarinnar, Stefán Hermannsson og Sigurður E. Jónsson verkstjóri fyrir framan Pípugerðina.⁵⁸

1.4.3 Uppbygging og þróun byggðar á svæði 3 (1963-2010)

Svæði 3 afmarkast til vesturs af brún klettaskálar sem liggur vestan lóða við Eirhöfða, til norðurs af Sævarhöfða og til austurs af bogadreginni línu sem dregin er yfir opið svæði austan Svarthöfða, frá Sævarhöfða til Stórhöfða. Suðurmörk svæðisins miðast af götulínu Stórhöfða og línu sem sveigir til norðurs í gegnum lóðina Breiðhöfða 10, svo til vesturs meðfram suðurmörkum lóða við Eldshöfða 2 og 4, áfram til vesturs þvert yfir lóðamörk Breiðhöfða 11 og Eirhöfða 11 og áfram vestur að brún klettaskálar.⁵⁹ Svæðið er í miðjunni á heildarsvæði deiliskipulagssvæðanna fjögurra.

Uppbygging á svæði 3 fór hægt af stað. Hún hófst í byrjun sjöunda áratugar 20. aldar, en fyrirtækið Ísaga var eitt af þeim fyrstu til að hefja starfsemi á svæðinu.

Verksmiðjubygging Ísaga sem reist var við Breiðhöfða 11a eftir teikningum Eiríks Einarssonar arkitekts árið 1964 er enn í notkun þrátt fyrir töluverðar viðbyggingar og breytingar. Starfsemi Ísaga er nokkuð áberandi á svæðinu en súr- og köfnunarefnisverksmiðja fyrirtækisins, áfyllingarstöð, skrifstofa, verslun og fleira eru staðsett á svæði 3 og 4. Stórir tankar og hylki sem fylgja starfseminni eru staðsett á lóðum fyrirtækisins.

Verksmiðjuhús Ísaga telst þó ekki til elstu húsanna á svæðinu en húsið sem stendur að Eldshöfða 2, áður skráð að Krossamýrarbletti 8, var reist árið 1963 samkvæmt Fasteignaskrá. Engar upprunalegar teikningar finnast af því húsi en sú saga fylgir því að það sé að stofni til hús sem tilheyrði gamla Landakotsspítala og hafi verið flutt á nýjan stað er spítalinn var rifinn

⁵⁷ *Ársskýrsla SORPU 2011*, bls. 19. Sjá heimasíðu Sorpu: <http://www.sorpa.is> → Útgefið efni → Eldri ársskýrslur → Ársskýrsla 2011 → https://sorpa.dccweb.net/media/2/arsskyrsla_sorpa_2011_net_opnur.pdf. Sótt: 6.4.2021.

⁵⁸ Mynd: *Vísir*, 14.6.1965, bls. 3.

⁵⁹ Þar sem mörkin milli svæða 1 og 3 skipta lóðunum Breiðhöfða 11 og Eirhöfða 11 í tvennt er hluti húsa á þessum lóðum skráður undir svæði 1 og hluti undir svæði 3 (sjá húsaskrá og varðveislumat).

árið 1963.⁶⁰ Húsið að Eldshöfða 2 sést á loftmynd frá árinu 1965 en var þá mun styttra en það er í dag. Á loftmynd frá 1975 sést að húsið hefur verið lengt í báða enda og er komið í þá stærð sem það er nú.⁶¹ Fyrirtækið Hreinsun og flutningur hf. keypti húsin sem stóðu að Eldshöfða 2 árið 1993. Húsin tilheyrðu þá Gjaldheimtunni í Reykjavík (eftir tíð Krossamýrarbletta). Húsið að Eldshöfða 2 var mælt, teiknað upp og endursamþykkt árið 2005.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Skemmuröðin stendur langt inni á lóð án tengsla við nærumhverfi.



Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Skemmurnar virðast nokkuð upprunalegar að gerð en útliti þeirra hefur verið breytt að hluta. Ber þá helst að nefna glugga á SV- og SA-göflum mhl. 10 og viðbyggðan skúr við SA-gafl mhl. 09.

Varðveislugildi: **Bogaskemmurnar hafa lágt til miðlungs varðveislugildi.**

Fyrsti eigandi Vélamiðstöð
Reykjavíkurborgar

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Geymsluskemmur



Upphafleg gerð

Tegund Járn
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Bogapæk
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steypar

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

2006 Tankar / þækilstöð
? Skýli

Hönnuðir breytinga

Dagný Helgadóttir arkitekt
?

Saga

Geymsluskemmurnar sem hér um ræðir (mhl. 11-12) eru partur af röð tólf sambyggðra bogaskemma sem byggðar voru á árunum 1966-1979 fyrir Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar. Fyrstu tíu skemmurnar voru reistar á árunum 1965-1969 en matshlutum 11-12 var bætt við árið 1979 skv. Fasteignaskrá við NA-enda lengjunnar (NA við mhl. 01).

Skemmurnar tvær hýsa salt líkt og upprunalegar teikningar gefa til kynna. Við NA-hlið nyrstu skemmunnar voru tankar og þækilstöð reist árið 2006 eftir teikningum Dagnýjar Helgadóttur arkitekts. Skýli hefur verið byggt við norðurhorn NA-hliðar mhl. 12.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einfaldar bogaskemmur.


Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Geymsluskemmurnar hafa þjónað sama tilgangi frá upphafi. Húsin bera iðnaðar- og atvinnusögu svæðisins vitni.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Skemmuröðin stendur langt inni á lóð án tengsla við nærumhverfi.

Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Skemmurnar virðast nokkuð upprunalegar að gerð en útliti þeirra hefur verið breytt að hluta. Hurðaropi hefur t.d. verið komið fyrir á NV-gafla mhl. 12.

Varðveislugildi: Bogaskemmurnar hafa lágt til miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Byggingariðjan

Hönnun Helgi Hannes Árnason
verkfræðingurUpphafleg notkun
Strengjasteypuverksmiðja

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund	Stálgrindarhús	1967	Viðbygging	Helgi H. Árnason	verkfr.
Klæðning	?	1978	Viðbygging	Garðar Halldórsson	arkitekt
Þakgerð	Mænisþak	2000	Viðbygging	Thomas Jan Stankiewicz	arkitekt
Þakklæðning	Bylgjuplast				
Undirstöður	Steyptar				

Saga

Á lóðinni Breiðhöfði 10 (áður Krossamýrarblettur 7) er athafnasvæði Einingaverksmiðjunnar sem sérhæfir sig í framleiðslu forsteyptra eininga til byggingarframkvæmda. Á lóðinni er að finna tvær byggingar, annars vegar verksmiðjuhús (mhl. 01) og hins vegar skrifstofu- og þjónustubyggingu (mhl. 02, sjá sérskráningu) sem hýsir einnig spennistöð (mhl. 01, sjá sérskráningu).

Húsið sem hér er til umfjöllunar er verksmiðjuhús (mhl. 01) sem var upphaflega reist fyrir Byggingariðjuna, en fyrirtækið var eitt af þeim fyrstu til að framleiða steinsteypueningar á Íslandi. Hönnuður hússins var einn af stofnendum fyrirtækisins, Helgi H. Árnason verkfræðingur.

Teikning Helga af verksmiðjuhúsinu var samþykkt 1961 og hún brunavirt árið 1963. Samkvæmt Fasteignaskrá er byggingarár verksmiðjuhússins 1967.

Húsinu hefir verið breytt á þann hátt að byggt hefur verið í kringum það svo að upprunalega húsið er nú lítt sýnilegt. Stækkun norðan við verksmiðjuhúsið var samþykkt 1967 og sést á loftmynd frá 1971 (Borgarvefsjá). Stækkun vestan við verksmiðjuhúsið var samþykkt 1978 og sést á loftmynd frá 1979 (Borgarvefsjá).

Viðbygging úr forsteyptum einingum var reist sunnan við verksmiðjuhúsið á árunum 2002-2004 skv. loftmynd (Borgarvefsjá).


Varðveislumat

Byggingarlist:	Lágt gildi. Einföld verksmiðjubygging.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt gildi. Byggingin vitnar um starfsemina á lóðinni sem á rætur að rekja til upphafs iðnaðar á svæðinu og hefur haldist sú sama frá upphafi.
Umhverfisgildi:	Lágt gildi. Stendur á horni Breiðhöfða og Stórhöfða og hefur síður jákvæð áhrif á götumynd sem er slitrótt norðan Stórhöfða.
Upprunaleg gerð:	Lágt gildi. Húsinu hefur verið breytt á þann hátt að byggðar hafa verið viðbyggingar í kringum það. Austurgafl upprunalegu byggingarinnar er eini sjáanlegi hluti hennar.
Varðveislugildi:	Byggingin hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita
Reykjavíkur

Hönnun Þorvaldur Kristmundsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Spennistöð



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning ?
Þakgerð Flatt þak
Þakklæðning ?
Undirstöður Steypar

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Á lóðinni Breiðhöfði 10 (áður Krossamýrarblettur 7) er athafnasvæði Einingaverksmiðjunnar sem sérhæfir sig í framleiðslu forsteyptra eininga til byggingarframkvæmda. Á lóðinni er að finna tvær byggingar, annars vegar verksmiðjuhús (mhl. 01) og hins vegar skrifstofu- og þjónustubyggingu (mhl. 02, sjá sérskráningu) sem hýsir einnig spennistöð (mhl. 01).

Hér er skráð spennistöðin (mhl. 01), sem nú er hluti af skrifstofuhúsinu (mhl. 02, sjá sérskráningu), en var upphaflega byggð sem sérstakt spennistöðvarhús fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur eftir teikningum Þorvaldar Kristmundssonar arkitekts.

Spennistöðin er í dag (2018) skráð í Fasteignaskrá undir staðfanginu "Breiðhöfði 10" með byggingarárið 1968.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Spennistöð sem felld er inn í aðra byggingu.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Lágt. Stendur austan megin við norðurhluta Breiðhöfða þar sem götumynd er slitrótt.

Upprunaleg gerð: Lágt gildi. Skrifstofuhús hefur verið byggt utan um spennistöðina.

Varðveislugildi: Spennistöðin hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Byggingariðjan

Hönnun Dagný Helgadóttir
arkitektUpphafleg notkun
Skrifstofu- og þjónustubygging

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund Steiptar einingar
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steiptar

1997 Útlitsbreyting,
glerskálar
 1998 Útlitsbreyting,
stigi

Thomas Jan Stankiewicz arkitekt
 Thomas Jan Stankiewicz arkitekt

Saga

Á lóðinni Breiðhöfða 10 (áður Krossamýrarblettur 7) er athafnasvæði Einingaverksmiðjunnar sem sérhæfir sig í framleiðslu forsteyptra eininga til byggingarframkvæmda. Á lóðinni er að finna tvær byggingar, annars vegar verksmiðjuhús (mhl. 01) og hins vegar skrifstofu- og þjónustubygging (mhl. 02, sjá sérskráningu) sem hýsir einnig spennistöð (mhl. 01, sjá sérskráningu).

Húsið sem hér er til umfjöllunnar (mhl. 02) er skrifstofu- og þjónustubygging sem var reist eftir teikningum Dagnýjar Helgadóttur arkitekts sem samþykktar voru fyrst 1983. Byggingarár skv. Fasteignaskrá er 1997 en húsið sést á loftmynd frá árinu 1990 (Borgarvefsjá).

Byggingin er byggð úr forsteyptum einingum og inn í hana er felld spennistöð (mhl. 01, sjá sérskráningu) sem var reist á lóðinni fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur árið 1968.

Breytingar voru gerðar á útliti byggingarinnar á árunum 1997 og 1998. Annars vegar voru gerðir glerskálar við norðurgöfl og austurhlíð byggingarinnar og hins vegar utanálíggjandi stigi við suðurgöfl.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Einfalt og formfast skrifstofuhúsnaði í anda húsagerðar 9. áratugar 20. aldar, með strikun í steypu.


Menningarsögulegt gildi: Lág til miðlungs. Tengist iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Miðlungs gild. Stendur stakstætt við Breiðhöfða, er ekki í sérstökum tengslum við nærumhverfi.

Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Húsið er nokkuð upprunalegt.

Varðveislugildi: Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Ísaga

Hönnun Guðmundur Þór Pálsson
arkitektUpphafleg notkun
Verksmiðja

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Skáþak (skúrþak)
Þakklæðning	Ál
Undirstöður	Steinsteyptar

Tvílyft
Þrílyft

Saga

Fyrirtækið Ísaga hefur aðsetur á Breiðhöfða 11 og 11a. Þar eru súrefnis- og köfnunarefnisverksmiðja fyrirtækisins, áfyllingastöð, skrifstofa, verslun o.fl. Á lóðinni Breiðhöfða 11 eru tvö hús (mhl. 1 og 3).

Húsið sem hér er til umfjöllunar (mhl. 3) er byggt eftir teikningum Guðmundar Þórs Pálssonar arkitekts fyrir Ísaga árið 1984. Húsið hýsir súr- og köfnunarefnisgeyma ásamt kælikerfi.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Móðernískt steinsteypt iðnaðarhúsnæði.


Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Húsið ber atvinnusögu svæðisins vitni.

Umhverfisgildi: Lágt. Stendur langt inni á lóð bak við háa geyma. Suðurhlið hússins er áberandi frá Breiðhöfða.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið virðist upprunalegt.

Varðveislugildi: Húsið hefur miðlungs varðveislugildi. Það er dæmi um hús sem gæti fengið nýtt hlutverk í nýrri byggð.

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur

Hönnun Magnús Skúlason
arkitektUpphafleg notkun
Vörugæymsla

Upphafleg gerð

Tegund	Stálgrind
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Bogaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	Steyptar

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

? Útlitsbreyting
gluggar á suðurgafli

Hönnuðir breytinga

?

Saga

Á lóðinni Eirhöfða 11 (áður Breiðhöfði 13) er að finna sex byggingar (mhl. 01, 02, 03, 04, 05 og 06). Allar byggingarnar voru reistar fyrir starfsemi Vatnsveitu Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur). Matshlutar 02, 04, 05 og 06 falla undir svæði 4 í deiliskipulagi Ártúnshöfða, sem nú er í vinnslu (2018), hinir matshlutarnir falla undir svæði 3.

Byggingin sem hér er til umfjöllunar (mhl. 02) er vörugæymsla, reist eftir teikningum Magnúsar Skúlasonar arkitekts frá 1970. Í Fasteignaskrá er byggingarár skráð 1972 en byggingin virðist hins vegar risin 1971, þar sem hún sést á loftmynd frá því ári (Borgarvefsjá).

Byggingin er sú austasta af þremur samliggjandi skemmur sem reistar voru á árunum 1971-1987 og sú elsta, kölluð *skemma 1*.

Byggingin er ekki lengur nýtt undir starfsemi Orkuveitunnar. Í dag er húsið skráð sem vörugæymsla í Fasteignaskrá en bílasalan *Bernhard* er nú með aðsetur í húsinu.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Lágt til miðlungs gildi. Einföld stálgrindargeymsla með bogaþaki.

Menningarsögulegt gildi:

Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi:

Lágt. Stendur innarlega á lóð án tengsla við götumynd og nærumhverfi. Hluti af heild þriggja samliggjandi skemma sem allar eru teiknaðar af sama arkitekt.


Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Byggingin virðist óbreytt að mestu að undanskilyldum gluggum sem hafa verið settir á suðurgafli.

Varðveislugildi:

Byggingin hefur miðlungs varðveislugildi. Hluti af heild iðnaðarhúsa sem eru óvenjuleg, bæði vegna sögulegs gildis og sérstakrar samsetningar í byggingarstíl.

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur

Hönnun Magnús Skúlason
arkitektUpphafleg notkun
Vörugæymsla

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund	Stálgrind
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Bogaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	Steyptar

Saga

Á lóðinni Eirhöfða 11 (áður Breiðhöfði 13) er að finna sex byggingar (mhl. 01, 02, 03, 04, 05 og 06). Allar byggingarnar voru reistar fyrir starfsemi Vatnsveitu Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur). Matshlutar 02, 04, 05 og 06 falla undir svæði 4 í deiliskipulagi Ártúnshöfða, sem nú er í vinnslu (2018), hinir matshlutarnir falla undir svæði 3.

Byggingin sem hér er til umfjöllunar (mhl. 4) er vörugæymsla, reist eftir teikningum Magnúsar Skúlasonar arkitekts árið 1972, skv. Fasteignaskrá. Byggingin er sú vestasta af þremur samliggjandi skemmum sem reistar voru á árunum 1972-1987.

Í umsókn um byggingarleyfi frá 1972 segir að skemman sé byggð úr efni úr gamla íþróttahúsinu að Hálogalandi sem stóð á gatnamótum Skeiðarvogs og Gnoðarvogs. Hálogaland var byggt uppúr 1940 fyrir hernámslið Bandaríkjamanna sem notaði húsið undir íþróttir, bíó og samkomur. Seinna þjónaði það sem íþróttahús fyrir Reykvíkinga og Vogaskóla, en það var tekið niður árið 1970. Líklega var einungis hluti af gamla íþróttahúsinu nýttur í vörugæymslu Vatnsveitunar, en það er bæði lægra og mjórra en gamla íþróttahúsið var (30,64 x 12,64 x 5,23 m á meðan skemman er í dag 20 x 30 x 5).

Varðveislumat

Byggingarlist:

Lágt til miðlungs gildi. Einföld stálgrindargeymsla með bogaþaki.

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs. Skemman mun vera byggð úr efni úr Íþróttahúsinu að Hálogalandi sem var byggt um 1943 fyrir hernámslið Bandaríkjamanna en rífið um 1970.

Umhverfisgildi:

Miðlungs. Stendur innarlega á lóð án tengsla við götumynd og nærumhverfi. Hluti af heild þriggja samliggjandi skemma sem allar eru teiknaðar af sama arkitekt.

Upprunaleg gerð:

Miðlungs gildi. Húsið virðist að mestu óbreytt frá upprunalegum teikningum frá 1972. Það er byggt úr efnivið úr öðru eldra húsi.

Varðveislugildi:

Byggingin hefur miðlungs varðveislugildi. Hluti af heild iðnaðarhúsa sem eru óvenjuleg, bæði vegna sögulegs gildis og sérstakrar samsetningar í byggingarstíl.

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur

Hönnun Magnús Skúlason
arkitektUpphafleg notkun
Vörugæymsla

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund Steiptar einingar
Klæðning Plötur?
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steiptar

1987 Stækkun / milliloft
 ? Útlitsbreyting
 gluggar á norður- og
 suðurgafli.

Magnús Skúlason arkitekt

Saga

Á lóðinni Eirhöfða 11 (áður Breiðhöfði 13) er að finna sex byggingar (mhl. 01, 02, 03, 04, 05 og 06). Allar byggingarnar voru reistar fyrir starfsemi Vatnsveitu Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur). Matshlutar 02, 04, 05 og 06 falla undir svæði 4 á deiliskipulagi Ártúnshöfða, sem nú er í vinnslu (2018), hinir matshlutarnir falla undir svæði 3.

Byggingin sem hér er til umfjöllunar (mhl. 04) er vörugæymsla, reist eftir teikningum Magnúsar Skúlasonar arkitekts árið 1987 skv. Fasteignaskrá. Hún stendur á milli tveggja eldri skemma (mhl. 02 og 04, sjá sérskráningu) og fyllir upp í skarðið á milli þeirra. Byggingin er kölluð *skemma 3*.

Þrátt fyrir að byggingin sé útlitslega frábrugðin hinum tveimur skemmunum hvað varðar þakgerð og byggingarefni (steinsteypueiningum úr Byggingariðjunni) þá mynda þær ákveðna heild.

Byggingunni hefur verið breytt að hluta, og meðal annars komið fyrir efri gluggum á suður- og norðurgöflum hússins.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einföld iðnaðarskemma. Póstmóðernískra áhrifa gætir á norðurgafli.


Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Lágt. Stendur innarlega á lóð án tengsla við götumynd og nærumhverfi. Hluti af heild þriggja samliggjandi skemma sem allar eru teiknaðar af sama arkitekt.

Upprunaleg gerð: Miðlungs til hátt gildi. Byggingunni hefur verið breytt lítillega.

Varðveislugildi: **Byggingin hefur miðlungs varðveislugildi.** Hluti af heild iðnaðarhúsa sem eru óvenjuleg, bæði vegna sögulegs gildis og sérstakrar samsetningar í byggingarstíl.

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur

Hönnun Magnús Skúlason
arkitektUpphafleg notkun
Bílastæðahús og verkstæði

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund Steypar einingar?
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteypur

2003 Innra skipulag
 ? Útlitsbreyting

Guðrún Stefánsdóttir arkitekt
 ?

Saga

Á lóðinni Eirhöfða 11 (áður Breiðhöfði 13) er að finna sex byggingar (mhl. 01, 02, 03, 04, 05 og 06). Allar byggingarnar voru reistar fyrir starfsemi Vatnsveitu Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur). Matshlutar 02, 04, 05 og 06 falla undir svæði 4 í deiliskipulagi Ártúnshöfða, sem nú er í vinnslu (2018), hinir matshlutarnir falla undir svæði 3.

Byggingin sem hér er til umfjöllunar (mhl. 05) var reist sem bílastæðahús og verkstæði eftir teikningum Magnúsar Skúlasonar arkitekts árið 1994 skv. Fasteignaskrá. Um er að ræða stálgrindarhús með forsteypum einingum framleiddum í Byggingariðjunni (Breiðhöfða 10, sjá sérskráningu).

Innra fyrirkomulagi byggingarinnar var breytt árið 2003 eftir teikningum Guðrúnar Stefánsdóttur arkitekts sem á þeim tíma vann með Magnúsi Skúlásyni hönnuði hússins. Ytra útlit virðist óbreytt að mestu að frátöldum smávægilegum breytingum á austurhlíð hússins.

Í dag (2018) er starfrækt bílasala á efri hæð hússins og bifreiðaverkstæði á neðri hæð.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Miðlungs til hátt gildi. Bílastæða- og iðnaðarhús í anda húsagerðar 10. áratugar 20. aldar. Lóðrétt gluggabönd á vesturhlíð, norður- og suðuröfllum einkenna útlit hússins.

Menningarsögulegt gildi:

Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi:

Miðlungs til hátt. Stendur á brún klettaskálar til vesturs, er nokkuð áberandi frá Sævarhöfða og liggur vel í landinu.


Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Húsið er að mestu upprunalegt að gerð að frátöldum smávægilegum útlitsbreytingum á austurhlíð.

Varðveislugildi:

Húsið hefur miðlungs til hátt varðveislugildi. Iðnaðarhúsnaði sem hefur þróunarmöguleika og gæti fengið nýtt hlutverk í nýrri byggð.

Fyrsti eigandi Miðfell hf.

Hönnun Jósef Reynisson
arkitektUpphafleg notkun
Verkstæðis- og skrifstofuhús

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	?
Undirstöður	Steyptar

Saga

Byggingarnar sem hér um ræðir voru reistar fyrir fyrirtækið Miðfell eftir teikningum Jósefs Reynissonar arkitekts árið 1968 skv. Fasteignaskrá. Um er að ræða tvær samliggjandi byggingar sem mynda eins konar vinkel. Önnur byggingin snýr vesturhlið að Breiðhöfða en hin norðurhlið að Stórhöfða. Aðalinngangur bygginganna snýr að Funahöfða. Starfsemi innan bygginganna er tvíþætt. Byggingin sem liggur meðfram Breiðhöfða er verkstæðishús en byggingin sem liggur meðfram Stórhöfða hýsir skrifstofur.

Þrátt fyrir sameiginlegt byggingarár bygginganna í Fasteignaskrá virðist sem þær hafi ekki verið byggðar á sama tíma. Verkstæðisbyggingin sem liggur Breiðhöfðamegin er risin 1971 en skrifstofuhúsið sést ekki fyrr en 1975 (Borgarvefsjá).

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einfaldar verkstæðis- og skrifstofubyggingar.


Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs gildi. Tengjast sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Miðlungs til hátt gildi. Byggingarnar eru hluti af samfelldri og reglufastri röð iðnaðarhúsa sem myndar heilsteypta götumynd en það byggðarmynstur er einkennandi fyrir byggð á Ártúnshöfða, sunnan Stórhöfða og austan Breiðhöfða.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsin virðast upprunaleg.

Varðveislugildi: **Húsin hafa miðlungs varðveislugildi.** Þau eru hluti af samfelldri og reglufastri röð iðnaðarhúsa sem mynda heilsteypta götumynd en það byggðarmynstur er einkennandi fyrir byggð á Ártúnshöfða, sunnan Stórhöfða og austan Breiðhöfða.

Fyrsti eigandi Miðfell hf.

Hönnun Leifur Hannesson
verkfræðingurUpphafleg notkun
Iðnaðar- og geymsluhús

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund	Steyptar einingar	Tvílyft	2002	Útistigahús	Hróbjartur Hróbjartsson	arkitekt
Klæðning	?			Geymsla á lóð		
Þakgerð	Mænisþak			Útlitsbreyting		
Þakklæðning	?			Innra skipulagi br.		
Undirstöður	Steyptar		2011	Útlitsbreyting	Ólafur Óskar Axelsson	arkitekt
				Innra skipulagi br.		

Saga

Húsið sem hér um ræðir var reist sem iðnaðar- og geymsluhús fyrir starfsemi Miðfells hf. eftir teikningum Leifs Hannessonar verkfræðings.

Í Fasteignaskrá er það sagt byggt 1986 en ljóst er að það hefur verið byggt fyrr þar sem það sést á loftmynd frá 1979.

Húsinu hefur verið breytt töluvert frá upphaflegum teikningum. Árið 2002 var samþykkt leyfi til að byggja opið stigahús úr stáli við vesturenda suðurhlíðar, byggja millihæð (2. hæð) í vesturenda, klæða húsið að utan með sléttri stálklæðningu, koma fyrir spónsugu og sorpgámi við suðurhlíð og setja upp stálgirðingu umhverfis hluta lóðar ásamt því að breyta aðkomu og skipulagi bílastæða á lóðinni. Breytingarnar voru gerðar eftir teikningum Hróbjarts Hróbjartssonar arkitekts. Árið 2011 voru breytingar á varahlutaverslun gerðar eftir teikningum Ólafs Ó. Axelssonar arkitekts.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Einfalt iðnaðar- og geymsluhús.


Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Miðlungs til hátt. Húsið stendur innarlega á lóð og er hluti af samfelldri og reglufastri röð iðnaðarhúsa sem standa sunnan götu við Stórhöfða, vestan Höfðabakka.

Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Útliti suðurhlíðar hússins hefur verið breytt töluvert frá upphafi m.a. með nýrri dökkri stálklæðningu og stigahúsi við vesturenda suðurhlíðar.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.** Það er hluti af samfelldri og reglufastri röð iðnaðarhúsa sem mynda heilsteypta götumynd en það byggðarmynstur er einkennandi fyrir byggð á Ártúnshöfða, sunnan Stórhöfða og austan Breiðhöfða.

Fyrsti eigandi Kristján Pétursson ofl.

Hönnun Kjartan Sveinsson
arkitektUpphafleg notkun
Geymsluhús

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund	Steinsteyp
Klæðning	Ómúrað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	?
Undirstöður	Steyptar

Saga

Húsið sem hér um ræðir er reist sem áhalda- og geymsluhús eftir teikningum Kjartans Sveinssonar arkitekts árið 1975 skv. Fasteignaskrá. Húsið er upphaflega hannað sem tvær aðskildar einingar með sérinngangi og er hvor eining skráð sérmatshluti (mhl. 01 og mhl. 02) í Fasteignaskrá.

Húsið virðist nokkuð upprunalegt að frátöldu hurðaropi og klæðningu sem sett hefur verið á suðurhlíð hússins.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Miðlungs gildi. Einfalt og formfast geymsluhús í anda módernisma.

Menningarsögulegt gildi:

Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar - og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi:

Miðlungs til hátt gildi. Húsið stendur innarlega á lóð og er hluti af samfelldri og reglufastri röð iðnaðarhúsa sem standa sunnan götu við Stórhöfða, vestan Höfðabakka. Stór gluggabönd á norðurhlíð endurspegla notagildi hússins og auka þannig jákvætt umhverfisgildi þess.


Upprunaleg gerð:

Miðlungs til hátt gildi. Húsið virðist nokkuð upprunalegt að frátöldum útlitsbreytingum á suðurhlíð.

Varðveislugildi:

Húsið hefur miðlungs varðveislugildi. Útlit og ásýnd norðurhlíðar húsanna nr. 11-15 er upprunalegt og hefur á sér heildarsvip sem vert er að halda í. Húsið er hluti af samfelldri og reglufastri röð iðnaðarhúsa sem mynda heilsteypta götumynd en það byggðarmynstur er einkennandi fyrir byggð á Ártúnshöfða, sunnan Stórhöfða og austan Breiðhöfða.

Fyrsti eigandi Vélaver

Hönnun Kjartan Sveinsson
arkitektUpphafleg notkun
Iðnaðarhús

Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttad
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning ?
Undirstöður Steypur

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

2013 Innra skipulagi br.

Hönnuðir breytinga

Jón Guðmundsson arkitekt

Saga

Húsið sem hér um ræðir er reist fyrir fyrirtækið Vélaver eftir teikningum Kjartans Sveinssonar arkitekts árið 1973 skv. Fasteignaskrá. Húsið hefur haldið upphaflegu útliti en hefur verið skipt í fjóra eignarhluta eftir teikningum Jóns Guðmundssonar arkitekts frá árinu 2013.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Einfalt og formfast iðnaðarhús í anda módernisma.


Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Miðlungs til hátt gildi. Húsið stendur innarlega á lóð og er hluti af samfelldri og reglufastri röð iðnaðarhúsa sem standa sunnan götu við Stórhöfða, vestan Höfðabakka. Stór gluggabönd á norðurhlið endurspegla notagildi hússins og auka þannig jákvætt umhverfisgildi þess.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið virðist upprunalegt að gerð.

Varðveislugildi: Húsið hefur miðlungs varðveislugildi. Útlit og ásýnd norðurhliðar húsanna nr. 11-15 er upprunalegt og hefur á sér heildarsvip sem vert er að halda í. Húsið er hluti af samfelldri og reglufastri röð iðnaðarhúsa sem mynda heilsteypta götumynd en það byggðarmynstur er einkennandi fyrir byggð á Ártúnshöfða, sunnan Stórhöfða og austan Breiðhöfða.

Fyrsti eigandi Tómas Grétar Ólason

Hönnun Kjartan Sveinsson
arkitektUpphafleg notkun
Iðnaðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Ómúrað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	?
Undirstöður	Steyptar

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

1978	Kjallari
1980	Viðbygging
2000	Innra skipulagi br. Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

?	
Kjartan Sveinsson	
Þormóður Sveinsson	arkitekt

Saga

Húsið sem hér um ræðir er reist eftir teikningum Kjartans Sveinssonar arkitekts frá 1968. Byggingarár samkvæmt Fasteignaskrá er 1980 en austurendi hússins sést á loftmynd frá 1975. Ætla má að húsið hafi verið byggt í tveim hlutum en loftmyndir (Borgarvefsjá) virðast sýna að útveggir vestari hluta þess hafi verið reistir milli 1979 og 1984, þak virðist hins vegar ekki hafa verið sett á þann hluta hússins fyrr en 1984-1990.

Húsið hefur tekið þó nokkrum breytingum frá því að það var byggt. Árið 2000 var innra skipulagi og útliti suðurhliðar breytt eftir teikningum Þormóðs Sveinssonar arkitekts. Húsið, að undanskildum austurendanum, var þá jafnframt klætt að hluta með læstum einingum.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Einfalt og formfast iðnaðarhús í anda móðernisma.


Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Miðlungs til hátt gildi. Húsið stendur innarlega á lóð og er hluti af samfelldri og reglufastri röð iðnaðarhúsa sem standa sunnan götu við Stórhöfða, vestan Höfðabakka. Stór gluggabönd á norðurhlið endurspeglar notagildi hússins og auka þannig jákvætt umhverfisgildi þess.

Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Suðurhlið hússins hefur verið klædd að hluta og bílskúrshuðum komið fyrir í stað glugga. Eins hefur innra skipulagi verið breytt.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.** Útlit og ásýnd norðurhliðar húsanna nr. 11-15 er upprunalegt og hefur á sér heildarsvip sem vert er að halda í. Húsið er hluti af samfelldri og reglufastri röð iðnaðarhúsa sem mynda heilsteypta götumynd en það byggðarmynstur er einkennandi fyrir byggð á Ártúnshöfða, sunnan Stórhöfða og austan Breiðhöfða.

2.3.2 Ártúnshöfði – Svæði 2⁷⁵



Mynd 24. Afmörkun deiliskipulagssvæðis 2 á Ártúnshöfða.⁷⁶

Svæðið afmarkast til vesturs og norðurs af strandlínu og til austurs og suðurs af sveigðri línu sem miðast við brún klettaskálar nálægt vesturmörkum lóðarinnar Þórðarhöfða 4 og norðurmörkum lóðarinnar Malarhöfða 10. Innan svæðisins eru hús við götuna Sævarhöfða. Svæðið einkennist af grófum iðnaði, aðallega tengdum Malbikunarstöðinni Höfða og Vörubílastöðinni Þrótti (áður Pípugerð Reykjavíkur). Iðnaður á svæðinu hófst upp úr 1945 í kringum grjót- og sandnám bæjarins.


⁷⁵ Athuga skal að þrír af fjórum matshlutum sem tilheyra grjótmulningsstöð á svæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða við Malarhöfða 6-10 (mhl. 23, 24 og 27) falla innan svæðis 1 og eru því skráðir undir svæði 1 í húsaskrá. Einn hluti þessarar grjótmulningsstöðvar (mhl. 22) fellur hins vegar innan svæðis 2 og er því skráður hér undir svæði 2.

⁷⁶ Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.

Fyrsti eigandi Malbikunarstöð
Reykjavíkurborgar

Hönnun Haukur Viktorsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Skrifstofa



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Ómúrað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

1996 Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Teiknistofa Hauks
Viktorssonar

Saga

Á lóðinni Sævarhöfða 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða sem framleiðir m.a. malbik og grjótmulning og selur ofaní burði og önnur möluð steinefni. Malbikunarstöðin Höfði hf. er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins árið 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð og Grjótnám Reykjavíkurborgar. Grjót- og sandnám bæjarins við Elliðaárvog hófst upp úr 1945. Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar hóf störf á svæðinu upp úr 1963. Núverandi starfsemi á lóðinni á því rætur að rekja til upphafs iðnaðar á Ártúnshöfðanum. Á Sævarhöfða 6-10 er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá, ýmist undir heitinu "Sævarhöfði 6-10" eða "Ártúnsh.".

Húsið sem hér er til umfjöllunar (Sævarhöfði 6-10, mhl. 48, fastanr. 204-2967) er vigtunarhús byggt árið 1982 eftir teikningum Hauks Viktorssonar arkitekts. Húsið var hannað sem vigtunarhús en einnig var gert ráð fyrir teiknistofu í því. Árið 1996 var samþykkt leyfi til að lengja húsið með viðbyggingum til suðurs og norðurs en einungis viðbyggingin við suðurgafli (skrifstofa) var byggð.

Malbikunarstöðin Höfði er með starfsemi í húsinu í dag.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Skrifstofuhús í módernískum stíl.


Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Húsið ber atvinnusögu svæðisins vitni.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Húsið stendur framarlega á lóðinni og hefur því áhrif á götumynd sem annars er frekar slitrött.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið er upprunalegt að gerð þrátt fyrir viðbyggingu.

Varðveislugildi: Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi	Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar	Hönnun	Haukur Viktorsson arkitekt	Upphafleg notkun	Vöru- og sorpgeymsla
-----------------------	-------------------------------------	---------------	-------------------------------	-------------------------	----------------------



Upphafleg gerð	Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Timburgrind	Einlyft	
Klæðning	Timbur		
Þakgerð	Skáþak (skúrþak)		
Þakklæðning	Bárujárn		
Undirstöður	Steinsteyptar		

Saga

Á lóðinni Sævarhöfði 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Þar er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá ýmist undir heitinu "Sævarhöfði 6-10" eða "Ártúnsh".

Húsið (Sævarhöfði 6-10, mhl. 53, fastanr. 204-2967) er byggt árið 1984 eftir teikningum Hauks Viktorssonar arkitekts sem vöru- og sorpgeymsla. Það tilheyrir skrifstofuhúsnæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða (mhl. 48) og stendur stakstætt við norðausturgafli þess. Byggingarefni, stíll eða form talar ekki sérstaklega til nærliggjandi umhverfis þrátt fyrir að húsið sé hannað af sama arkitekt og skrifstofuhúsið (mhl. 48).

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einföld sorp- og geymslubygging.

Menningarsögulegt gildi: Lágt.

Umhverfisgildi: Lágt. Byggingarefni, stíll eða form talar ekki sérstaklega til nærliggjandi umhverfis þrátt fyrir að húsið sé hannað af sama arkitekt og skrifstofuhúsið (mhl. 48).

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið er óbreytt að mestu.

Varðveislugildi: Húsið hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Malbikunarstöð
Reykjavíkurborgar

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Starfsmannaaðstaða



Upphafleg gerð

Tegund Gámahús
Klæðning Stálplötur
Þakgerð Flatt þak
Þakklæðning Stál
Undirstöður

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Á lóðinni Sævarhöfði 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfði. Þar er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá ymist undir heitinu "Sævarhöfði 6-10" eða "Ártúnsh."

Húsið sem hér er til umfjöllunar er innréttað gámahús sem nýtt er sem hvíldaraðstaða fyrir starfsmenn. Fyrir tíð gámsins stóð á svipuðum stað hús sem sinnti sama hlutverki. Húsið má sjá á loftmynd frá 1984 en eftir 1990 virðist núverandi gámahús komið á staðinn (Borgarvefsjá).

Í Borgarvefsjá er gámurinn merktur sem mhl. 70, en í Fasteignaskrá er hann ekki á meðal þeirra matshluta sem skráðir eru á lóðinni.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi.

Menningarsögulegt gildi: Lágt.

Umhverfisgildi: Lágt gildi.


Upprunaleg gerð: Hátt gildi.

Varðveislugildi: Byggingin hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Malbikunarstöð
Reykjavíkurborgar

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Malbikunarstöð eftirlitsaðstaða



Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund ?
Klæðning ?
Þakgerð Flatt þak
Þakklæðning ?
Undirstöður Steinsteypur

Tvílyft

Saga

Á lóðinni Sævarhöfði 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfði. Þar er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá ýmist undir heitinu "Sævarhöfði 6-10" eða "Ártúnsh."

Mannvirkið sem hér er fjallað um hýsir eftirlitsaðstöðu fyrir starfsmenn og er partur af „gömlu malbikunarstöðinni“ svokölluðu. Þessi malbikunarstöð var flutt inn frá Via Nova í Danmörku og elsti hluti hennar reistur á árunum 1963-1965. Eftirlitsaðstaðan situr ofan á steiptum stalli þar sem rafmagnsinntak fyrir malbikunarvélina er staðsett. Engar teikningar finnast af þessum hluta en upphaflega var aðstaðan yfirbyggð og opin að hluta. Aðstaðan hefur því þróast með tíð og tíma. Eftirlitsaðstaðan sést fyrst á loftmynd frá 1979 (Borgarvefsjá).

Í Borgarvefsjá er eftirlitsaðstaðan merkt sem mhl. 70, en í Fasteignaskrá er hún ekki á meðal þeirra matshluta sem skráðir eru á lóðinni. Önnur mannvirki tengd malbikunarstöðinni sem eru óskráð eru færanleg, svo sem „nýja malbikunarstöðin“ sem staðsett er austan við „gömlu malbikunarstöðina“.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Tengist atvinnusögu svæðisins.

Umhverfisgildi: Lágt.

Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn

Varðveislugildi: Byggingin hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Malbikunarstöð
Reykjavíkurborgar

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Malbikunarstöð, hræriturn



Upphafleg gerð	Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Stálgrind ?		
Klæðning	Ál		
Þakgerð	Flatt þak		
Þakklæðning			
Undirstöður	Steinsteyptar		

Saga

Á lóðinni Sævarhöfði 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Þar er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá ymist undir heitinu "Sævarhöfði 6-10" eða "Ártúnsh."


Mannvirkið tilheyrir „gömlu malbikunarstöðinni“ sem reist var á árunum 1963-1965. Það er byggt yfir svokallaðan „hræriturn“ þar sem þurru steinefni er blandað saman við asfalt.

Í Borgarvefsjá er mannvirkið merkt sem mhl. 01, en í Fasteignaskrá er það ekki á meðal þeirra matshluta sem skráðir eru á lóðinni. Byggingarár er því óljóst en hræriturninn sést fyrst á loftmynd frá árinu 1995 (Borgarvefsjá).

Varðveislumat

Byggingarlist:	Lágt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs. Tengist atvinnusögu svæðisins.
Umhverfisgildi:	Lágt.
Upprunaleg gerð:	Upprunaleg gerð ókunn.
Varðveislugildi:	Byggingin hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi	Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar	Hönnun	Ókunnur	Upphafleg notkun	Malbikunarstöð geymsla
-----------------------	-------------------------------------	---------------	---------	-------------------------	------------------------



Upphafleg gerð	Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Stálgrind ?	Einlyft	
Klæðning	Ál		
Þakgerð	Skáþak (skúrþak)		
Þakklæðning	Bárujárn		
Undirstöður	Steinsteyptar		

Saga

Á lóðinni Sævarhöfði 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Þar er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá ýmist undir heitinu "Sævarhöfði 6-10" eða "Ártúnsh."

Húsið tilheyrir „gömlu malbikunarstöðinni“ sem reist var á lóðinni á árunum 1963-1965. Húsið hýsir blásara, togvindur og rafmagnstöflur. Það er að hluta til nýtt sem geymsla.

Í Borgarvefsjá er húsið merkt sem mhl. 05, en í Fasteignaskrá er það ekki á meðal þeirra matshluta sem skráðir eru á lóðinni. Byggingarár er því óljóst en húsið sést fyrst á loftmynd frá árinu 1995 (Borgarvefsjá).

Varðveislumat

Byggingarlist:	Lágt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs. Tengist atvinnusögu svæðisins.
Umhverfisgildi:	Lágt.
Upprunaleg gerð:	Upprunaleg gerð ókunn.
Varðveislugildi:	Byggingin hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Grjótnám
Reykjavíkur

Hönnun Rögnvaldur Þorkelsson
Bæjarverkfr. í Reykjavík

Upphafleg notkun
Grjótmulningsstöð



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Skáþak (skúrþak)
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Fjórlyft?

Helstu breytingar

1994 Viðbygging / skýli

Hönnuðir breytinga

Verkfræðistofan Burður

Saga

Á lóðinni Sævarhöfða 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Höfði framleiðir m.a. malbik og grjótmulning og selur ofaniburð og önnur möluð steinefni. Malbikunarstöðin Höfði er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins árið 1996 sameinuðust tvö borgarfyrtæki, Malbikunarstöð og Grjótnám Reykjavíkurborgar.

Grjót- og sandnám bæjarins við Elliðaárvog hófst upp úr 1945. Malbikunarstöð Reykjavíkur hóf störf á svæðinu upp úr 1963. Núverandi starfsemi á lóðinni á því rætur að rekja til upphafs iðnaðar á Ártúnshöfðanum. Á Sævarhöfða 6-10 er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá ýmist undir heitinu „Sævarhöfði 6-10“ eða „Ártúnsh.“

Húsið sem hér er til umfjöllunar (Ártúnsh., mhl. 22, fastanr: 204-2955) er hluti af „nýju grjótmulningsstöðinni“ sem samanstendur af fjórum byggingum sem byggðar voru árið 1961 fyrir Grjótnám Reykjavíkurborgar eftir teikningum Rögnvaldar Þorsteinssonar (mhl. 22, 23, 24 og 27, sjá mhl. 23, 24 og 27 undir svæði 1). Byggingarnar standa í röð frá vestri til austurs og tengjast með færiband. Húsin eru einstök í borgarsögunni meðal annars vegna þess að hér er um að ræða fágæta yfirbyggða starfsemi.

Húsið stendur vestast af grjótmulningshúsunum. Engar teikningar finnast af húsinu en ætla má að það hafi verið byggt og hannað samtímis hinum grjótmulningshúsunum, sbr. byggingarár samkvæmt Fasteignaskrá (1961). Útliti hússins svipar til samskonar mannvirkis sem stóð á lóðinni frá 1945 en það hefur verið rífið (munnleg heimild, Magnús Magnússon). Í mhl. 22 fer fram síðasti hluti grjótmulningsferlisins og hefur því verið byggt við húsið skýli fyrir finefni. Bílar geta keyrt undir bygginguna og fyllt farm sinn af grjótmulningi.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Miðlungs gildi. Einfalt iðnaðarmannvirki á steinsteypum súlum. Hluti af heild fjögurra grjótmulningshúsa sem tengjast með færiband.

Menningarsögulegt gildi:

Hátt. Grjótið sem mulið var í húsunum var notað sem undirlag fyrir flestar götur borgarinnar. Húsin hafa sterk tengsl við innviðasögu Reykjavíkurborgar ásamt því að bera atvinnusögu svæðisins og sögu gatnamála vitni. Að auki hefur notkun byggingarinnar verið sú sama frá upphafi.

Umhverfisgildi:

Miðlungs. Húsin standa suðaustarlega á lóðinni í röð frá vestri til austurs. Þau hafa ekki áhrif á götumynd.

Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Ekki finnast teikningar af húsinu en líklega er það óbreytt að mestu. Færibönd sem liggja að austurgafli hússins eru upprunaleg.

Varðveislugildi:

Grjótmulningshúsin fjögur hafa hátt varðveislugildi. Þau mynda eina heild og eru sem slík merkileg heimild um þann iðnað sem stundaður hefur verið á staðnum frá upphafi grjót- og sandnáms bæjarins við Elliðaárvog. Þau eru áhugavert dæmi um iðnaðarhúsnæði sem hefur sterk tengsl við innviða- og iðnaðarsögu borgarinnar. *Lagt er til að húsaröðin (sem húsið tilheyrir) njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi.*

Fyrsti eigandi

Hönnun ókunnur

Upphafleg notkun

Iðnaðarhús



Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund	Timburgrind
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	Steinsteyptar

Einlyft

Saga

Á lóðinni Sævarhöfði 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfði sem framleiðir m.a. malbik og grjótmulning og selur ofaniburð og önnur möluð steinefni. Malbikunarstöðin Höfði hf. er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins árið 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð og Grjótnám Reykjavíkurborgar. Grjót- og sandnám bæjarins við Elliðaárvog hófst upp úr 1945. Malbikunarstöð Reykjavíkur hóf störf á svæðinu upp úr 1963. Núverandi starfsemi á lóðinni á því rætur að rekja til upphafs iðnaðar á Ártúnshöfðanum. Á Sævarhöfði 6-10 er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá, ýmist undir heitinu "Sævarhöfði 6-10" eða "Ártúnsh."

Húsið sem hér er til umfjöllunar (Ártúnsh., mhl. 16, fastanr. 204-2955) er gamall grjótmulningsskúr byggður 1941 skv. Fasteignaskrá. Ekki er ljóst hvaðan það byggingarár er fengið en hvorki teikningar né brunavirðingar finnast af húsinu. Þar sem grjót- og sandnám hefst ekki á svæðinu fyrr en upp úr 1945 má ætla að grjótmulningsskúrin hafi verið fluttur á lóðina annars staðar frá en dæmi eru um að geymslur og skúrar hafi verið flutt á svæðið í kjölfar vaxandi iðnaðar á Ártúnshöfðanum. Húsið er eitt af fáum sem sjást á loftmynd af lóðinni frá 1954.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einföld verkstæðisbygging.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Tengist upphafi iðnaðar og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Lágt. Stendur langt inni á lóð og hefur ekki áhrif á götumynd.


Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Húsið virðist nokkuð upprunalegt en engar teikningar er að finna af því.

Varðveislugildi: Húsið hefur lágt til miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Pípugerð
Reykjavíkurborgar

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Járnsmiðja / geymsla



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteypar

Upphaflegt útlit

Tvílyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Á lóðinni Sævarhöfði 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Þar er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá ýmist undir heitinu "Sævarhöfði 6-10" eða "Ártúnsh."

Húsið sem hér er til umfjöllunar var upphaflega nýtt sem geymsla fyrir sement sem notað var í framleiðslu Pípugerðar Reykjavíkurborgar. Sementinu var staflað upp og því síðan skotið með loftpressu frá húsinu yfir í viðbyggingu Pípugerðarinnar (sjá sérskráningu, Sævarhöfði 12, óskr.). Í dag er húsið nýtt sem lager og verkstæði (munnleg heimild, Magnús Magnússon).

Í Borgarvefsjá er húsið ekki merkt og í Fasteignaskrá er það ekki á meðal þeirra matshluta sem skráðir eru á lóðinni. Húsið tilheyrir engu að síður starfsemi Malbikunarstöðvarinnar Höfða og Vörubílastöðvarinnar Þróttar. Út frá loftmynd má ætla að húsið hafi verið byggt á tímabilinu 1965 til 1971 (Borgarvefsjá).

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einföld verkstæðisbygging.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Tengist atvinnusögu svæðisins.

Umhverfisgildi: Lágt. Stendur langt inni á lóð, hefur ekki áhrif á götmynd og er ekki í tengslum við nærumhverfi.

Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn.

Varðveislugildi: Húsið hefur lágt til miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Grjótnám
Reykjavíkurborgar

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Geymsla



Upphafleg gerð

Tegund
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Skáþak (skúrþak)
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Á lóðinni Sævarhöfði 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfði. Þar er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá ýmist undir heitinu "Sævarhöfði 6-10" eða "Ártúnsh."

Húsið sem hér er skráð sést á loftmynd frá árinu 1971 (Borgarvefsjá) og hefur þá hugsanlega verið hluti af stærri heild. Í dag er húsið nýtt sem geymsla.

Í Borgarvefsjá er húsið merkt sem mhl. 01, en í Fasteignaskrá er það ekki á meðal þeirra matshluta sem skráðir eru á lóðinni.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Húsið ber atvinnusögu svæðisins vitni.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Stendur langt inni á lóð og hefur ekki áhrif á götummynd. Er áfast grunni húss sem hefur verið rífið.


Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn.

Varðveislugildi: Húsið hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Malbikunarstöð
Reykjavíkurborgar

Hönnun Ólafur Sigurðsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Dæluhús, spennistöð



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Ómúrað
Þakgerð Skáþak (skúrþak)
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Á lóðinni Sævarhöfði 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfði. Þar er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá ýmist undir heitinu "Sævarhöfði 6-10" eða "Ártúnsh."

Hluti af þeim matshlutum sem tilheyra Malbikunarstöðinni Höfði og eru skráðir undir heitinu "Ártúnsh." eru staðsettir á lóðarluta sem er aðskilinn frá aðallóðinni. Þessi hluti er norðar við Sævarhöfði. Þar stendur meðal annars dæluhúsið (Ártúnsh., mhl. 47, fastanr: 204-2954) sem er byggt árið 1972 eftir teikningum Ólafs Sigurðssonar arkitekts. Inn í dæluhúsinu er m.a. að finna spennistöð sem þjónustar asfaltgeymana sem standa vestan við dæluhúsið.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Miðlungs gildi. Móðernískur stíll.

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs. Húsið ber atvinnusögu svæðisins vitni. Notkun byggingar hefur verið sú sama frá upphafi.

Umhverfisgildi:

Miðlungs. Stendur inni á lóð bak við asfaltgeyma, án tengsla við göturými. Útlitsleg tengsl milli asfaltgeymanna og dæluhússins eru greinileg.

Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Dæluhúsið er óbreytt.


Varðveislugildi:

Dæluhúsið ásamt Asfaltgeymunum (mhl. 44 og 45) hefur miðlungs varðveislugildi. Saman mynda mannvirkin sterka sjónræna þrenningu og hafa sem slík sérstöðu á svæðinu. Dæluhúsið er áhugavert dæmi um iðnaðarhús sem hefur þróunarmöguleika og gæti fengið nýtt hlutverk í nýrri byggð.

Fyrsti eigandi Malbikunarstöð
Reykjavíkurborgar

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Asfaltgeymar



Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund
Klæðning Ál
Þakgerð
Þakklæðning
Undirstöður

Saga

Á lóðinni Sævarhöfða 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Þar er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá ýmist undir heitinu "Sævarhöfði 6-10" eða "Ártúnsh.".

Hluti af þeim matshlutum sem tilheyra Malbikunarstöðinni Höfða og eru skráðir undir heitinu "Ártúnsh." eru staðsettir á lóðarhluta sem er aðskilinn frá aðallóðinni. Þessi hluti er norðar við Sævarhöfða. Þar standa meðal annars asfaltgeymar (Ártúnsh., mhl. 56, fastanr: 204-2954) sem reistir eru árið 1971 samkvæmt Fasteignaskrá. Ekki er að finna teikningar af geymunum en þeir eru sýndir á teikningu Ólafs Sigurðssonar arkitekts af dæluhúsinu austan geymanna frá 1972.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Tengist atvinnusögu svæðisins.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Geymarnir standa fyrir framan dæluhús (sjá sérskráningu, mhl. 47). Útlitsleg tengsl milli asfaltgeymanna og dæluhússins eru greinileg.

Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn.

Varðveislugildi: **Asfaltgeymarnir og dæluhúsið (mhl. 47) hafa miðlungs varðveislugildi.** Saman mynda mannvirkin sterka sjónræna þrenningu og hafa sem slík sérstöðu á svæðinu.

Fyrsti eigandi Malbikunarstöð
Reykjavíkurborgar

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Asfaltgeymir



Upphafleg gerð

Tegund
Klæðning Ál
Þakgerð
Þakklæðning
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Á lóðinni Sævarhöfði 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Þar er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá ýmist undir heitinu "Sævarhöfði 6-10" eða "Ártúnsh."

Hluti af þeim matshlutum sem tilheyra Malbikunarstöðinni Höfða og eru skráðir undir heitinu "Ártúnsh." eru staðsettir á lóðarhluta sem er aðskilinn frá aðallóðinni. Þessi hluti er norðar við Sævarhöfða. Þar stendur meðal annars asfaltgeymir (Ártúnsh., mhl. 56, fastanr: 204-2954) sem er reistur árið 1998 samkvæmt fasteignaskrá. Ekki er að finna teikningar eða frekari upplýsingar um geyminn.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Tengist atvinnusögu svæðisins.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Stendur framarlega á lóð. Útlitsleg tengsl við asfaltgeyma (mhl. 44/45) og dæluhús (mhl. 47).


Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn.

Varðveislugildi: Geymirinn hefur miðlungs varðveilsugildi.

Fyrsti eigandi Pípugerð
Reykjavíkurborgar

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Pípugerð



Upphafleg gerð

Tegund Stálgrindarhús
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Bogapæk
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteypar

Upphaflegt útlit

Tvílyft

Helstu breytingar

1965 Útlitsbreyting
1987 Hækkun á þaki

Hönnuðir breytinga

Ólafur Guðmundsson og
Ólafur Guttormsson
Haukur Viktorsson arkitekt

Saga

Á lóðinni Sævarhöfði 12 eru byggingar sem reistar voru fyrir starfsemi Pípugerðar Reykjavíkurborgar sem framleiddi steinsteypar pípur og holræsabrunna. Árið 1965 var Pípugerð Reykjavíkurborgar flutt af Langholtsvegi í gamla grjótnámið á Ártúnshöfða, það er lóðina sem nú er skráð sem Sævarhöfði 12.

Árið 1965 var búið að reisa núverandi hús á lóðinni, eins og sést á loftmynd frá því ári (Borgarvefsjá). Þar var um að ræða vinnuskála, tvær álmur með bogapaki, byggðar í vinkel og starfsmannaaðstöðu (sjá sérskráningu, mhl.13), sem er lítið hús suðvestan við vinnuskálana. Upprunalegar teikningar finnast ekki af vinnuskálunum en skv. grein í Morgunblaðinu (2. júlí 1965) var trésmíðameistari þeirra Kristján Pétursson. Til eru teikningar frá 1965 af útlitsbreytingum á vinnuskálunum, ekki er ljóst í hverju þær breytingar fólust. Árið 1987 var þak á hluta vinnuskálans hækkað í þrjá stalla með þakgluggum. Öðrum smávægilegum breytingar svo sem fækkun glugga hefur ekki fengist samþykki fyrir.

Við suðurhlíð vinnuskálanna er viðbygging (sjá sér skráningu, Sævarhöfði 12, óskr.) sem sést fyrst á loftmynd frá 1971 (Borgarvefsjá). Þar var sandi fyrir starfsemi Pípugerðarinnar sturtað niður í síló.

Lítið hús sem staðsett er í kverkinni milli norður- og vesturálma vinnuskálanna sést á loftmynd frá 1984 (Borgarvefsjá). Litla húsið ber sama matshlutanúmer og vinnuskálarnir og er merkt sem geymsla á afstöðumynd frá 1997.

Í dag er Vörubílastöðin Þróttur með starfsemi í fyrrum húsakynum Pípugerðarinnar.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Miðlungs til hátt gildi. Einföld stálgrindarbygging með sérstæðu bogapaki. Áhugavert dæmi um iðnaðarhúsnæði.

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs. Hluti af byggð iðnaðar- og atvinnuhúsa sem reis á þessu svæði um og upp úr miðri 20. öld.

Umhverfisgildi:

Miðlungs. Stendur langt inni á lóð og hefur því ekki áhrif á götmynd. Byggingin hefur útlitslega sérstöðu á iðnaðarsvæðinu sökum forms og viðbyggingar (mhl. óskr.) sem er byggð inn í klöpp.

Upprunaleg gerð:

Miðlungs til hátt gildi. Grunngerð hússins hefur haldið sér að mestu. Útlit hússins breyttist þó nokkuð við upphækkun á þaki árið 1987.


Varðveislugildi:

Húsið hefur miðlungs til hátt varðveislugildi. Það er áhugavert dæmi um iðnaðarhúsnæði sem hefur útlitslega sérstöðu. Húsið hefur þróunarmöguleika og gæti fengið nýtt hlutverk í nýrri byggð.

Fyrsti eigandi Pípugerð
Reykjavíkurborgar

Hönnun Ólafur Guðmundsson og
Ólafur Guttormsson

Upphafleg notkun
Skrifstofa



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Flatt þak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

1985 Stækkun

Hönnuðir breytinga

Haukur Viktorsson

arkitekt

Saga

Á lóðinni Sævarhöfði 12 eru byggingar sem reistar voru fyrir starfsemi Pípugerðar Reykjavíkurborgar sem framleiddi steinsteypur pípur og holræsabrunna. Árið 1965 var Pípugerð Reykjavíkurborgar flutt af Langholtsvegi í gamla grjótnámið á Ártúnshöfða, það er lóðina sem nú er skráð sem Sævarhöfði 12.

Húsið sem hér er til umfjöllunar (matshluti 13) er byggt fyrir Pípugerðina eftir teikningum Ólafs Guðmundssonar og Ólafs Guttormssonar frá 1964. Húsið sést á loftmynd frá 1965 (Borgarvefsjá) en byggingarár skv. Fasteignaskrá er 1974.

Húsið, sem var skrifstofu- og starfsmannaaðstaða er staðsett við vinnuskála Pípugerðarinnar (sjá sérskráningu, mhl. 2). Árið 1985 var húsið stækkað eftir teikningu Hauks Viktorssonar arkitekts en hann hannaði fleiri nærliggjandi byggingar, svo sem vigtunarhús Malbikunarstöðvarinnar Höfða að Sævarhöfða 6-10. Öðrum smávægilegum breytingar svo sem breyting á útliti glugga hefur ekki fengist samþykki fyrir.

Húsið er þó nokkuð frábrugðið öðrum hlutum Pípugerðarinnar (svo sem mhl 2) útlitslega, en það er töluvert lægra og hefur skáþak.

Í dag er Vörubílastöðin Þróttur með starfsemi í húsinu.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einföld steinsteyp tónaðarbygging (starfsmannaaðstaða).

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Húsið ber atvinnusögu svæðisins vitni.

Umhverfisgildi: Miðlungs gildi. Húsið stendur innarlega á lóðinni. Er frábrugðið öðrum húsum Pípugerðarinnar á lóðinni.


Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Lögun hússins hefur haldið sér að mestu þrátt fyrir stækkun.

Varðveislugildi: Húsið hefur lágt til miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Pípugerð
Reykjavíkurborgar

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Verksmiðja



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Ómúrað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Tvílyft

Helstu breytingar

1997 Breyting á grunnmynd

Hönnuðir breytinga

Hjörtur Hansson verkfr.

Saga

Á lóðinni Sævarhöfði 12 eru byggingar sem reistar voru fyrir starfsemi Pípugerðar Reykjavíkurborgar sem framleiddi steinsteypur pípur og holræsabrunna. Byggingin sem hér er til umfjöllunar er viðbygging sem stendur sunnan við vinnuskála Pípugerðarinnar (sjá sérskráningu, mhl. 2).

Þessi hluti er merktur sem mhl. 04 í Borgarvefsjá en finnst hvergi skráður í Fasteignaskrá undir Sævarhöfði 12 né Sævarhöfði 6-10. Byggingin telst sérbygging sem tilheyrir upphaflega Pípugerð Reykjavíkur (Sævarhöfði 12) en er nú í eigu og notkun Malbikunarstöðvarinnar Höfði (Sævarhöfði 6-10) og fellur innan lóðamarka Sævarhöfði 6-10.

Viðbyggingin var byggð inn í klöpp, utan um síló, fyrir starfsemi Pípugerðarinnar. Upphaflega var sandi sturtað ofan í sílóin. Engar upprunalegar teikningar finnast af viðbyggingunni sem sést fyrst á loftmynd frá árinu 1971 (Borgarvefsjá).

Þrátt fyrir að tilheyra upphaflega byggingum Pípugerðarinnar er viðbyggingin ekki í samræmi við byggingarstíl eldri bygginganna. Vinnuskálar Pípugerðarinnar eru bárújárnsklæddar stálgrindarbyggingar með bogþaki og sitja mun lægra en umræddur hluti sem er steinsteypur með mænisþaki.

Í dag hefur verið steypur upp í öll op yfir sílóum eftir teikningum Hjartar Hanssonar verkfræðings frá árinu 1997.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einföld iðnaðarbygging.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hluti af byggingum Pípugerðarinnar sem bera atvinnusögu iðnaðar á svæðinu vitni.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Stendur langt inni á lóð án tengsla við götu. Byggingin er byggð inn í klöpp og fellur því að umhverfinu. Byggingarstíllinn er hins vegar ekki í samræmi við byggingarstíl annarra húsa Pípugerðarinnar svo sem mhl. 2 og 13.

Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn.

Varðveislugildi: Húsið hefur lágt til miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi SORPA

Hönnun Hjörtur Pálsson
byggingarfræðingurUpphafleg notkun
Skrifstofa

Upphafleg gerð

Tegund Gámahús
 Klæðning Ál
 Þakgerð Flatt þak
 Þakklæðning Ál
 Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Á Sævarhöfða 21 er ein af endurvinnslustöðvum SORPU staðsett. Þar gefst íbúum og fyrirtækjum með smærri farma kostur á að koma með úrgang til endurvinnslu og/eða förgunar.

Á lóðinni er starfsmannahús byggt árið 2010 eftir teikningum Hjartar Pálssonar byggingarfræðings. Starfsmannahúsið samanstendur af tveimur samliggjandi innréttuðum gámum sem staðsettir eru við útkeyrslu út af endurvinnslusvæðinu.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Innréttað gámahús.


Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. SORPA hefur verið með starfsemi á svæðinu umhverfis Sævarhöfða 21 frá árinu 1953.

Umhverfisgildi: Lágt. Stendur við Sævarhöfða og hefur þó nokkur áhrif á umferð við götuna þar sem bílar eru ýmist að keyra inn eða út af svæðinu.

Upprunaleg gerð: Óbreytt, að því er virðist.

Varðveislugildi: Byggingin hefur lágt varðveislugildi.

2.3.3 Ártúnshöfði – Svæði 3⁷⁷



Mynd 25. Afmörkun deiliskipulagssvæðis 3 á Ártúnshöfða.⁷⁸


Svæðið afmarkast til vesturs af brún klettaskálar sem liggur vestan lóða við Eirhöfða, til norðurs af Sævarhöfða og til austurs af bogadreginni línu sem dregin er yfir opið svæði austan Svarthöfða, frá Sævarhöfða til Stórhöfða. Suðurmörk svæðisins miðast af götulínu Stórhöfða og línu sem sveigir til norðurs í gegnum lóðina Breiðhöfða 10, svo til vesturs meðfram suðurmörkum lóða við Eldshöfða 2 og 4, áfram til vesturs þvert yfir lóðamörk Breiðhöfða 11 og Eirhöfða 11 og áfram vestur að brún klettaskálar.⁷⁹ Innan svæðisins eru hús við göturnar Breiðhöfða, Eirhöfða, Eldshöfða, Svarthöfða og Stórhöfða. Svæðið einkennist af blönduðum iðnaði en fyrsta fyrirtækið sem hóf þar starfsemi var Ísaga árið 1964.

⁷⁷ Þar sem mörkin milli svæða 1 og 3 skipta lóðunum Breiðhöfða 11 og Eirhöfða 11 í tvennt er hluti húsa á þeim lóðum skráður undir svæði 1 og hluti undir svæði 3.

⁷⁸ Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.

⁷⁹ Þar sem mörkin milli svæða 1 og 3 skipta lóðunum Breiðhöfða 11 og Eirhöfða 11 í tvennt er hluti húsa á þessum lóðum skráður undir svæði 1 og hluti undir svæði 3 (sjá húsaskrá og varðveislumat).

Fyrsti eigandi Ísaga hf.

Hönnun Valgeir Björnsson og Björn
ValgeirssonUpphafleg notkun
Verksmiðja

Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga	
Tegund	Steinst./járnsperrur	Einlyft	1976 Viðbygging	Guðmundur Þór Pálss.	arkitekt
Klæðning	Bárujárn		1992 Afgreiðsluskýli	Róbert Pétursson	arkitekt
Þakgerð	Mænisþak		1994 Stækkun á viðbygg.	Oddur Kr. Finnbjarnarsson	arkitekt
Þakklæðning	?		1997 Stækkun á viðbygg.	Oddur Kr. Finnbjarnarsson	arkitekt
Undirstöður	Steinsteyptar		2000 Glerskáli	Ólafur Ó. Axelsson	arkitekt
			2004 Viðbygging	Ólafur Ó. Axelsson	arkitekt
			2014 Þakbreyting	Ólafur Ó. Axelsson	arkitekt

Saga

Fyrirtækið Ísaga hefur aðsetur á Breiðhöfða 11 og Breiðhöfða 11a. Ísaga var stofnað árið 1919 til að framleiða acetylengas fyrir vita landsins. Á Breiðhöfða 11 og 11a er súrefnis- og köfnunarefnisverksmiðja fyrirtækisins, áfyllingarstöð, skrifstofa, verslun o.fl. Á lóðinni Breiðhöfða 11 eru tvö hús mhl. 1 og 3. Hér er fjallað um mhl. 1 en mhl. 3 heyrir undir svæði 4 í deiliskipulagi Ártúnshöfða (sjá skráningu svæðis 4).

Húsið sem hér er til umfjöllunar (mhl. 1) var hannað af Valgeiri Bjarnasyni og Birni Valgeirssyni árið 1966 en byggingarár skv. Fasteignaskrá er 1972. Húsið sést á loftmynd frá 1971 (Borgarvefsjá).

Byggingin hefur tekið þó nokkrum breytingum frá því að hún var reist. Árið 1976 var gerð viðbygging við suðurgafli hússins. Afgreiðsluskýli var reist vestan við húsið árið 1992 og síðan stækkað tveimur árum síðar. Árið 2000 var glerskáli (anddyri með rennihurð) reistur milli upprunalegu byggingarinnar og viðbyggingar (afgreiðsluskýlis) eftir teikningu Ólafs Ó. Axelssonar arkitekts sem hannaði allar breytingar á húsinu frá árinu 2000 fram til 2014. Óeinangruð og óupphituð skemma var reist við vesturhlíð hússins árið 2004. Hún var notuð undir áfyllingu hylkja. Burðarvirki skemmunnar er úr límtré og útveggjastoðir úr timbri, klæddar báruáli. Árið 2014 var mænisþaki hússins breytt í einhalla þak vegna viðvarandi lekavandamála.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einföld iðnaðarbygging.


Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Húsið ber atvinnusögu svæðisins vitni.

Umhverfisgildi: Lágt til miðlungs. Stendur við Breiðhöfða og er hluti af slitrótttri götumynd.

Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Breyting á þaki og viðbyggingar við suðurgafli og vesturhlíð hafa breytt upprunalegri ásýnd og gerð hússins töluvert.

Varðveislugildi: Húsið hefur lágt til miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Ísaga hf.

Hönnun Eiríkur Einarsson
arkitektUpphafleg notkun
Verksmiðja

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund	Steinsteypt	Tvílyft	2002	Útlitsbr./ný klæðning	Ólafur Ó. Axelsson	arkitekt
Klæðning	Múrsléttað	Einlyft	2002	Viðbygging	Ólafur Ó. Axelsson	arkitekt
Þakgerð	Mænisþak/einhalla		2012	Viðbygging/skýli	Ólafur Ó. Axelsson	arkitekt
Þakklæðning	Bárujárn ?					
Undirstöður	Steinsteyptar					

Saga

Fyrirtækið Ísaga var stofnað árið 1919 til að framleiða acetylengas fyrir vita landsins. Fyrirtækið hefur aðsetur á Breiðhöfða 11 og 11a. Þar er súrefnis- og köfnunarefnisverksmiðja fyrirtækisins, áfyllingarstöð, skrifstofa, verslun o.fl. Á lóðinni Breiðhöfða 11a eru tvö hús (mhl. 1 og 2).

Húsið sem hér er til umfjöllunar (mhl. 1) er acetylengasstöð byggð eftir teikningum Eiríks Einarssonar arkitekts árið 1964. Upprunalega byggingin er lítt sýnileg í dag þar sem hún hefur horfið bak við skýli og viðbyggingar.

Árið 2002 voru gaflar hússins klæddir með bárujárnsklæðningu og langhliðar með múrkerfi. Gluggum var einnig breytt og glerskáli byggður að norðurhlið. Árið 2012 var reist skýli (úr stáli) yfir afgreiðslupall við norðurenda hússins. Allar breytingar gerðar á árunum 2002-2012 eru hannaðar af Ólafi Ó. Axelssyni arkitekt.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einföld iðnaðarbygging með viðbyggingum sem skyggja á upprunalega húsið.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar á Ártúnshöfða.

Umhverfisgildi: Lágt. Viðbygging (skýli) norðan við húsið er ekki til bóta fyrir götmynd.

Upprunaleg gerð: Lágt gildi. Upprunalega húsið er að stórum hluta horfið bak við skýli og viðbyggingar.


Varðveislugildi: Húsið hefur lágt til miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Ísaga hf.

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Þró



Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund	Timburgrind ?
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	Steinsteyptar

Einlyft

Saga

Byggingarár skv. Fasteignaskrá er 1964 þrátt fyrir að byggingin sjáist ekki á loftmynd fyrr en 2000-2002 (Borgarvefsjá). Þá var um leið horfin önnur bygging af svipaðri stærð sem stóð lítið eitt sunnar á lóðinni. Hugsanlegt er að hún hafi verið færð til á lóðinni um árið 2000 eða að þessi bygging hafi komið í staðinn.

Engar teikningar eða frekari upplýsingar er að finna um bygginguna.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einfaldur skúr, mögulega aðfluttur.


Menningarsögulegt gildi: Lágt. Tengist sögu iðnaðar á Ártúnshöfða.

Umhverfisgildi: Lágt. Lítt áberandi í umhverfinu.

Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn.

Varðveislugildi: Húsið hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Jarðboranir hf.

Hönnun Stefán Örn Stefánsson
arkitektUpphafleg notkun
Geymsla

Upphafleg gerð

Tegund Timburgrind
 Klæðning Ál
 Þakgerð Mænisþak
 Þakklæðning Ál
 Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Tvílyft

Helstu breytingar

2016 Viðbyggingar

Hönnuðir breytinga

Gunnar Sigurðsson arkitekt

Saga

Húsið sem stendur við Breiðhöfða 13 (áður Eirhöfði 2-4) var reist fyrir starfsemi Jarðborana hf. eftir teikningum Stefáns Arnar Stefánssonar arkitekts árið 1989 skv. Fasteignaskrá. Upphaflega var húsið óeinangruð og óupphituð geymsluskemma.

Árið 2016 var byggt við vesturgafli geymsluskemmunnar og stálgrindarhús reist norðan við hana eftir teikningum Gunnars Sigurðssonar arkitekts. Hjólbarðaverkstæðið Nesdekk er með starfsemi í báðum byggingum. Í gömlu geymsluskemmuni (sem er örlítið lægri) er þjónusta fyrir fólksbíla og í stálgrindarbyggingunni (viðbyggingunni) fyrir vörubíla. Báðar byggingarnar eru álklaðdar.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Einföld verkstæðisbygging.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Tengist atvinnusögu svæðisins.

Umhverfisgildi: Lágt. Er stakstætt á fremur stórra lóð án tengsla við nærumhverfi.

Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Upprunalega byggingin hefur haldið formi sínu þrátt fyrir breytingar og viðbyggingu. Viðbygging norðan við upprunalega húsið er hærri en saman mynda þær samstæða heild.

Varðveislugildi: Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Kemis ehf.

Hönnun Vilhjálmur Hjálmarsson
arkitektUpphafleg notkun
Vörugeymsla

Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
 Klæðning Múrsléttað
 Þakgerð Mænisþak
 Þakklæðning Steypar skífur
 Undirstöður Steinsteypar

Upphaflegt útlit

Tvílyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Við Breiðhöfða 15 standa tvö sambærileg hús (mhl. 1 og 2) sem reist voru undir starfsemi Kemis ehf. sem stofnað var 1984 og flutti þá inn og framleiddi íblöndunarefni fyrir byggingariðnað og föður. Þrátt fyrir líkindi eru húsin ekki hönnuð af sama hönnuði.

Húsið sem hér er til umfjöllunar (mhl. 1) var byggt árið 1997 eftir teikningum Vilhjálms Hjálmarssonar arkitekts undir starfsemi Kemis ehf. Húsið var reist úr steinsteypum einingum en allt steyp efni í húsinu var framleitt af BM Vallá líkt og í mhl. 2 (sjá sérskráningu).

Í dag (2018) er Fígaró, fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu náttúrusteins, með starfsemi í húsinu.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Einfalt iðnaðarhús í anda tíunda áratugar 20. aldar.


Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar á Ártúnshöfða.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Einfalt og látlaust hús sem liggur vel í landinu. Nærliggjandi bygging (mhl. 2) tekur mið af húsinu þannig að úr verður eðlilegt framhald.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið er óbreytt að mestu.

Varðveislugildi: Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Kemis ehf.

Hönnun Viðar Steinn Árnason
byggingarfræðingurUpphafleg notkun
Vörugeymsla

Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Stálplötur
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Við Breiðhöfða 15 standa tvö sambærileg hús (mhl. 1 og 2) sem reist voru undir starfsemi Kemis ehf. sem stofnað var 1984 og flutti þá inn og framleiddi íblöndunarefni fyrir byggingariðnað og fóður. Þrátt fyrir líkindi eru húsin ekki hönnuð af sama hönnuði.

Húsið sem hér er til umfjöllunar (mhl. 2) var byggt árið 2010 eftir teikningum Viðars Steins Árnasonar byggingarfræðings undir starfsemi Kemis ehf. Húsið var reist úr steinsteypum einingum en allt steyp efni í húsinu var framleitt af BM Vallá líkt og í mhl. 1 (sjá sérskráningu).

Kemis ehf. er enn (2018) með starfsemi í húsinu.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Einfalt iðnaðarhús, tekur mið af húsinu sem fyrir var á lóðinni (mhl. 1) og fellur vel að því.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar á Ártúnshöfða.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Einfalt og látlaust en liggur vel í landinu. Tekur mið af húsinu sem fyrir var (mhl. 1) þannig að úr verður eðlilegt framhald.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið er óbreytt að mestu.

Varðveislugildi: Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Kemis ehf.

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Færanlegt geymsluskýli



Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund

Klæðning

Þakgerð

Þakklæðning

Undirstöður

Saga

Húsið sem hér er til umfjöllunar er færanlegt geymsluskýli sem stendur norðvestan við húsin við Breiðhöfða 15 (sjá sérskráningu). Það er ekki skráð í Fasteignaskrá og ekki merkt í Borgarvefsjá en af loftmyndum má sjá að skýlið er komið á lóðina árið 2000. Frekari upplýsingar er ekki að finna um skýlið.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Færanlegt bráðabirgðaskýli.

Menningarsögulegt gildi: Lágt.

Umhverfisgildi: Lágt gildi.


Upprunaleg gerð: Ókunn.

Varðveislugildi: Skýlið hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita
Reykavíkur

Hönnun Guðmundur Kr. Kristinsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Spennistöð



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Hraunað
Þakgerð Flatt þak
Þakklæðning ?
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Um er að ræða spennistöð eða dreifistöð Rafmagnsveitu Reykjavíkur af gerðinni A úr forsteyptum einingum. Spennistöðin er reist árið 1989 eftir teikningum Guðmundar Kr. Kristinssonar arkitekts frá 1985. Á ferli sínum hannaði Guðmundur margs konar mannvirki fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einfalt spennistöðvarhús úr forsteyptum einingum.


Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs gildi. Ber innviðasögu borgarinnar vitni.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Án tengsla við nærumhverfi.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. óbreytt að mestu.

Varðveislugildi: Spennistöðin hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur

Hönnun Magnús Skúlason
arkitektUpphafleg notkun
Skrifstofa / starfsmannahús

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund	Hlaðið úr st. steini	Tvílyft	1985	Garðskáli	Magnús Skúlason	arkitekt
Klæðning	Múrsléttað	Kjallari		Viðbygging	Magnús Skúlason	arkitekt
Þakgerð	Skáþak (skúrþak)		1986	Tengigöng	Magnús Skúlason	arkitekt
Þakklæðning	?			Stoðveggur	Magnús Skúlason	arkitekt
Undirstöður	Steinsteyptar		1990	Viðbygging	Magnús Skúlason	arkitekt
			1998	Breyting á lóð	Magnús Skúlason	arkitekt

Saga

Á lóðinni Eirhöfða 11 (áður Breiðhöfða 13) er að finna sex byggingar (mhl. 01, 02, 03, 04, 05 og 06). Allar byggingarnar voru reistar fyrir starfsemi Vatnsveitu Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur). Mhl. 01 og mhl. 03 falla undir svæði 3 í deiliskipulagi Ártúnshöfða, sem nú er í vinnslu (2018), hinir matshlutarnir falla undir svæði 4.

Byggingin sem hér er til umfjöllunar (mhl. 1) er bækistöð Vatnsveitu Reykjavíkur. Byggingin tengist mhl. 3 (sjá sérskráningu) með tengigöngum. Báðar byggingarnar eru byggðar eftir teikningum Magnúsar Skúlasonar arkitekts en upphaflega teiknaði hann þennan hluta einlyftan, líkt og sjá má á teikningu hans af mhl. 3 frá 1970 (sjá sérskráningu). Í bækistöðinni eru skrifstofur, matsalur og önnur starfsmannaaðstaða.

Árið 1985 var neðri hæð hússins stækkuð og byggður garðskáli við suðurhlíð. Ári síðar voru stoðveggur, tengigöng og vararafstöð reist. Árið 1990 var garðskálinn stækkaður og milliloft reist yfir teiknistofu. Allar breytingar á húsinu fram til 1990 eru eftir teikningum Magnúsar.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Miðlungs til hátt gildi. Bækistöð og verkstæði (mhl. 3) í mótternískum stíl, hönnuð saman sem heild.

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs til hátt gildi. Bygging hússins markaði mikilvægan vendipunkt í sögu Vatnsveitu Reykjavíkur. Húsið hefur gegnt sama hlutverki frá upphafi og ber atvinnusögu svæðisins vitni.

Umhverfisgildi:

Miðlungs til hátt. Stendur á brún klettaskálar til vesturs, sést því frá Sævarhöfða og liggur vel í landinu.


Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Lítilsháttar breytingar hafa verið gerðar, allar hannaðar af sama arkitekt og teiknaði bygginguna upphaflega.

Varðveislugildi:

Húsið hefur miðlungs til hátt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur

Hönnun Magnús Skúlason
arkitektUpphafleg notkun
Vörugeymsla / verkstæði

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund	Steinsteypt	Einlyft	1990	Milliloft	Magnús Skúlason	arkitekt
Klæðning	Steyptar einingar		2003	Innra skipulagi br.	Guðrún Stefánsdóttir	arkitekt
Þakgerð	Flatt þak					
Þakklæðning	?					
Undirstöður	Steinsteyptar					

Saga

Á lóðinni Eirhöfða 11 (áður Breiðhöfða 13) er að finna sex byggingar (mhl. 01, 02, 03, 04, 05 og 06). Allar byggingarnar voru reistar fyrir starfsemi Vatnsveitu Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur). Mhl. 01 og mhl. 03 falla undir svæði 3 í deiliskipulagi Ártúnshöfða, sem nú er í vinnslu (2018), hinir matshlutarnir falla undir svæði 4.

Byggingin sem hér er til umfjöllunar (mhl. 3) er vörugeymsla og verkstæði Vatnsveitu Reykjavíkur. Byggingin tengist mhl. 1 (sjá sérskráningu) með tengigöngum. Báðar byggingarnar eru byggðar eftir teikningum Magnúsar Skúlasonar arkitekts. Mhl. 3 hefur gegnt sama hlutverki frá upphafi, sem verkstæði og vöruskemma.

Byggingarár samkvæmt Fasteignaskrá er 1972 en byggingin sést á loftmynd frá 1971 (Borgarvefsjá) og samkvæmt ritinu *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur* var hún fyrsta byggingin sem byggð var á lóðinni árið 1970 (bls. 234). Byggingin var því fyrsti vísirinn að starfsemi Vatnsveitu Reykjavíkur á Eirhöfða en Vatnsveitan hafði ekki átt fastan samastað fyrir starfsemi sína fyrr en henni var úthlutað 2,75 hektara lóð að Breiðhöfða (nú Eirhöfða) á 60 ára afmæli sínu árið 1969.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs til hátt gildi. Vöruskemma og bækistöð (mhl. 01) í módernískum stíl hönnuð sem heild.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs til hátt. Bygging hússins markaði mikilvægan vendipunkt í sögu Vatnsveitu Reykjavíkur. Það hefur gegnt sama hlutverki frá upphafi og ber atvinnusögu svæðisins vitni.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Lítt áberandi frá götu en sterkt í samhengi við bækistöðina (mhl. 01).

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið virðist óbreytt að mestu.

Varðveislugildi: Húsið hefur miðlungs til hátt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Byggingarstofnun
Landbúnaðarins

Hönnun Málfríður Kristjánsd. arkitekt
Bygg.stofnun Landbúnaðarins

Upphafleg notkun
Svínasláturhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning ?
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Kjallari
Inng.skúr
Þrílyft

Helstu breytingar

1984 Gluggabreyting
1985 Gluggabreyting
1990 Gluggabreyting
2007 Stækkun
Útlitsbreyting
2012 Fjölgun matshluta

Hönnuðir breytinga

Málfríður Kristjánsd. arkitekt
Málfríður Kristjánsd. arkitekt
Málfríður Kristjánsd. arkitekt
Sigurður Einarsson arkitekt
Ágúst Þórðarson bygg.fr.

Saga

Húsið var byggt sem svínasláturhús fyrir Byggingarstofnun landbúnaðarins eftir teikningum Málfríðar Kristjánsdóttur arkitekts árið 1984 skv. Fasteignaskrá. Í upphafi var fyrirtækið Grísaból með starfsemi í húsinu en Grísaból rak svínaeldi og slátrun.

Smávægilegar breytingar voru gerðar á húsinu fram til ársins 2007 en þá var gerð viðbygging við norðausturhorn þess eftir teikningum Sigurðar Einarssonar arkitekts. Þá var jafnframt skipt um þak, nýir gluggar settir á norðurhlíð og skipt um afgreiðsluhurð á suðurhlíð hússins. Árið 2007 voru gerðar skipulagsbreytingar innandyrna og húsið innréttað fyrir vörugemyglur og skrifstofur. Árið 2012 var matshlutum í húsinu fjölgað úr einum í sex.

Í dag er húsið nýtt sem iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Iðnaðarhús í anda níunda áratugar 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Tengist sögu iðnaðar á Ártúnshöfða.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Fellur ágætlega að lóð, form hússins er í samræmi við nærliggjandi iðnaðarhús.


Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Smávægilegar útlitsbreytingar á framhlíð hússins. Viðbygging við norðausturhorn hússins er ekki í samræmi við upprunalega byggingu.

Varðveislugildi: Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Efnaverksmiðjan Eimur sf.

Hönnun Kristinn Ragnarsson arkitekt

Upphafleg notkun Efnaverksmiðja



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning ?
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

1993 Skjólveggur
 1994 Afgreiðslupallur
 Rampar
 Lóð

Hönnuðir breytinga

Fjölhönnun
 Forsjá

Saga

Húsið var reist fyrir Efnaverksmiðjuna Eim eftir teikningum Kristins Ragnarssonar arkitekts árið 1987. Efnaverksmiðjan Eimur framleiddi m.a. kolsýru fyrir gosdrykkjaverksmiðjur, vélsmiðjur, slökkvitæki, björgunarbáta og sjúkrahús. Efnaverksmiðjan var með dreifistöð á Eirhöfða 13 þar sem hleðsla á kolsýrugeymum fór m.a. fram.

Húsið hefur haldið upprunalegri lögun að mestu, breytingar hafa aðallega átt sér stað á lóð hússins. Árið 1993 var skjólveggur byggður við vesturenda hússins eftir teikningum verkfræðistofunnar Fjölhönnunar og árið 1994 var byggður afgreiðslupallur norðan við húsið eftir teikningum verkfræðistofunnar Forsjár. Þá var einnig komið fyrir römpum svo hægt væri að koma vörum inn. Í sömu framkvæmd var fyllt í lóð og stoðvegg komið fyrir við norður- og vesturmörk lóðar. Skjólvegg var einnig lyft. Árið 1994 breyttist starfsemin í húsinu í hylkjaviðhald og var lóðin eftir það m.a. notuð sem tankageymsla.

Í dag er fyrirtækið Nortek, sem selur öryggisbúnað, með starfsemi í húsinu.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einfalt iðnaðarhús með póstmóðernískum áhrifum.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar á Ártúnshöfða.

Umhverfisgildi: Lágt til miðlungs. Hefur ekki mikil áhrif á götummynd eða nærumhverfi.


Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið hefur haldið upprunalegri lögun að mestu, breytingar hafa aðallega átt sér stað á lóð hússins.

Varðveislugildi: Húsið hefur lágt til miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Ókunnur

Hönnun Sigurður Hallgrímsson og Ingi Gunnar Þorbergsson

Upphafleg notkun Verkstæði



Upphafleg gerð

Tegund Stálgrind
 Klæðning Múrað
 Þakgerð Mænisþak
 Þakklæðning Málþlötur
 Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Tvílyft

Helstu breytingar

? Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

?

Saga

Húsið sem hér um ræðir er hluti af stallaðri röð samstæðra verkstæðisbygginga sem byggðar voru árið 1985 eftir teikningum Sigurðar Hallgrímssonar og Inga Gunnars Þorbergssonar byggingarfræðinga. Húsið virðist upprunalegt að mestu að frásildum gluggum sem bætt hefur verið við á austur- og suðurhlíð hússins.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einfalt iðnaðarhús.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar á Ártúnshöfða.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Form hússins er í samræmi við nærliggjandi iðnaðarbyggingar.


Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið virðist óbreytt að mestu fyrir utan lítilsháttar gluggabreytingar á austur- og suðurhlíð.

Varðveislugildi: Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Vélsmiðja Einars
Guðbrandssonar

Hönnun Kristinn Sveinbjörnsson
byggingarfræðingur

Upphafleg notkun
Vélsmiðja



Upphafleg gerð

Tegund Stálgrind ?
Klæðning Múrað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Barkareiningar
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Tvílyft
Ris

Helstu breytingar

1989 Stækkun á millilofti
1996 Girðing
Skjólveggur
? Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Kristinn Sveinbjörnsson bygg.fr
Skúli Skúlason verkfr.

Saga

Húsið er byggt árið 1985 eftir teikningum Kristins Sveinbjörnssonar byggingarfræðings fyrir vélsmiðju Einars Guðbrandssonar.

Húsið virðist upprunalegt að mestu að fráskildum gluggum sem bætt hefur verið við á norðurhlið hússins.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Einfalt mótternískt iðnaðarhúsnæði .


Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar á Ártúnshöfða.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Form og stærð hússins er í samræmi við nærliggjandi iðnaðarbyggingar.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið virðist óbreytt að mestu.

Varðveislugildi: Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Vélsmiðjan Stálver

Hönnun Arkitektastofan sf.
Ómar Þór og Örnólfur HallUpphafleg notkun
Járnsmiðaverkstæði

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Ómúrað
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	Steypt
Undirstöður	Steinsteyptar

Saga

Um er að ræða kjallara sem byggður var 1987 og átti að vera hluti af þriggja hæða iðnaðarhúsi sem rísa átti á lóðinni eftir teikningum arkitektanna Ómars Þórs Guðmundssonar og Örnólfs Hall.

Húsið var hannað fyrir fyrirtækið Stálver sem var stofnað árið 1961 í Reykjavík. Það var framsækið iðnaðarfyrirtæki sem framleiddi meðal annars götuljósastólpa, möstur, fisklöndunarmálma og sjávarisvélar. Fyrirtækið varð gjaldþrota eftir að framkvæmdir á Eirhöfða 16 hófust og var því kjallarinn eini hluti hússins sem var byggður. Í dag er Stálver með járnsmíðastarfsemi í þeim hluta hússins sem var byggður. Byggingin hefur því gegnt sama hlutverki frá upphafi.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lág gildi. Einföld iðnaðarbygging sem hefur einungis verið reist að hluta.

Menningarsögulegt gildi: Lág til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar á Ártúnshöfða. Byggingin hefur gegnt sama hlutverki frá upphafi.

Umhverfisgildi: Lág til miðlungs. Húsið, eða sá hluti sem var byggður, liggur vel í landinu. Það stendur á brún klettaskálar til vesturs og sést því vel frá Sævarhöfða.


Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Sá hluti byggingarinnar sem hefur verið reistur virðist óbreyttur að mestu.

Varðveislugildi: Húsið hefur lág varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Vélaleiga Helga
Jónssonar

Hönnun Sveinbjörn Sigurðsson
tæknifræðingur

Upphafleg notkun
Vélaverkstæði



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Ómúrað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteypar

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

1993 Skipting eignarhluta
2010 Bruni / þak

Hönnuðir breytinga

Kristinn Ragnarsson arkitekt
Kristinn Ragnarsson arkitekt

Saga

Byggingin sem hér um ræðir var byggð árið 1984 eftir teikningum Sveinbjörns Sigurðssonar tæknifræðings. Húsið er upphaflega hannað sem vélaverkstæði fyrir þungavinnuvélar og er hluti af stallaðri röð samstæðra iðnaðarhúsa.

Árið 1994 var gerð eignaskiptayfirlýsing og húsinu skipt í fjóra eignarhluta eftir teikningu Kristins Ragnarssonar arkitekts. Árið 2010 var þak endurnýjað í kjölfar bruna, einnig eftir teikningum Kristins.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Steinsteypt móðernískt iðnaðarhús.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar á Ártúnshöfða.

Umhverfisgildi: Miðlungs til hátt. Stendur á brún klettaskálar til vesturs, er nokkuð áberandi frá Sævarhöfða og liggur vel í landinu.


Upprunaleg gerð: Miðlungs til hátt gildi. Húsið virðist upprunalegt að mestu.

Varðveislugildi: Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi

Hönnun Ingi G. Þórðarson og Sigurður
Hallgrímsson, byggingafr.

Upphafleg notkun
Vélaverkstæði



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Ómúrað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Málplötur
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Tvílyft
Ris

Helstu breytingar

1997 Viðbygging
til austurs
2008 Endurbætur/milliloft

Hönnuðir breytinga

Ingi Gunnar Þórðarson bygg.fr.
Anna Margrét Hauksdóttir arkitekt

Saga

Húsið sem hér er til umfjöllunar er lager- og skrifstofuhúsnæði fyrirtækisins Nortek. Húsið var reist árið 1988 eftir teikningum Inga Gunnars Þórðarsonar og Sigurðar Hallgrímssonar byggingarfræðinga. Húsið var upphaflega hannað sem vélaverkstæði.

Árið 1997 voru bárujárnsskúrar fjarlægðir og viðbygging úr viking-plastkubbamótum, steinsteypu, timbri og stáli byggð við austurgafli hússins eftir teikningum Inga Gunnars Þórðarsonar byggingarfræðings. Innanhúsbreytingar voru gerðar árið 2008 eftir teikningum Önnu Margrétar Hauksdóttur arkitekts.

Fyrirtækið Nortek er einnig með starfsemi ofar í götunni, að Eirhöfða 13.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einfalt iðnaðarhús.


Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar á Ártúnshöfða.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Húsið er staðsett innst í botnlanga við þyrpingu húsa. Austurgafli hússins snýr að Eirhöfða og ber því lítið á því þeim megin. Vesturhlíð hússins sést greinilega frá Sævarhöfða. Form og stærð hússins er í samræmi við nærliggjandi iðnaðarbyggingar.

Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Austurgafli er frábrugðin því sem upprunalegar teikningar sýna. Form og áferð viðbyggingar er sú sama og á núverandi byggingu.

Varðveislugildi: Húsið hefur lágt til miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Hamrafell

Hönnun Sævar Geirsson
tæknifræðingurUpphafleg notkun
Iðnaðarhús

Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Skáþak (skúrþak)
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Tvílyft

Helstu breytingar

1992 Milliloft
? Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Sævar Geirsson tæknifr
?

Saga

Húsallengjurnar við Eldshöfða 1, 3 og 5 og 19, 21 og 23 eru hannaðar af Sævari Geirssyni sem samstæða húsa fyrir iðnaðarstarfsemi. Húsin við Eldshöfða 1, 3 og 5 snúa í suður og standa hærra í landinu en 19, 21 og 23 snúa í norður. Þrátt fyrir að húsasamstæðan hafi verið hönnuð sem ein heild eru húsin byggð af mismunandi aðilum á mismunandi tíma.

Húsið sem hér er til umfjöllunar var byggt árið 1990 skv. Fasteignaskrá. Innanhússkipulagi hefur verið breytt að hluta eftir teikningum Sævars Geirssonar. Einnig hafa verið gerðar gluggabreytingar á vesturgafli og suðurhlið hússins. Útlit hurða er jafnframt frábrugðið því sem sýnt er á upprunalegum teikningum.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs til hátt gildi. Einfalt, reglubundið og formfast iðnaðarhús.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar á Ártúnshöfða.


Umhverfisgildi: Hátt. Hluti af samfelldri og reglufastri röð iðnaðarhúsa við Eldshöfða sem myndar heilsteypta götumynd og er sambærileg þeim húsaröðum sem eru hvað mest einkennandi fyrir byggð á Ártúnshöfða, sunnan Stórhöfða og austan Breiðhöfða.

Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Breytingar hafa verið gerðar frá upprunalegum teikningum Sævars s.s. gluggabreytingar.

Varðveislugildi: Húsið hefur miðlungs til hátt varðveislugildi. Það er hluti af samstæðri röð iðnaðarhúsa sem mynda heilsteypta götumynd og æskilegt er að haldi sameiginlegum útlitseinkennum. *Lagt er til að húsaröðin (sem húsið tilheyrir) njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi.*

Fyrsti eigandi Ókunnur

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Verkstæði

Upphafleg gerð

Tegund	Timburgrind
Klæðning	Járn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Ris
Einlyft

Helstu breytingar

<1975 Stækkun/viðbygging
2005 Teikning

Hönnuðir breytinga

Ókunnur
Gunnar Indriðason

Saga

Húsið sem hér um ræðir stendur á lóð sem áður tilheyrði Krossamýrarbletti 8. Fyrstu erfðafestulöndunum í Krossamýri var úthlutað upp úr 1936. Blettirnir voru fimmtán talsins og var þeim sem fengu úthlutað landi ætlað að rækta það og girða. Á Krossamýrarblettum var þó nokkuð um iðnað í bland við íbúðar húsanaði. Iðnaðurinn á Krossamýrarblettum var fyrsti vísirinn að þeim iðnaði sem við þekkjum á svæðinu í dag.

Húsið var reist árið 1963 skv. Fasteignaskrá. Engar upprunalegar teikningar er að finna af húsinu en sú saga fylgir því að það sé að stofni til hús sem tilheyrði gamla Landakotsspítala og hafi verið flutt á nýjan stað er spítalinn var rifinn árið 1963. Húsið sést fyrst á loftmynd frá árinu 1965 (Borgarvefsjá) og var þá mun styttra hús en í dag. Á loftmyndinni má einnig sjá skúr sem stóð vestar á lóðinni. Á loftmynd frá 1975 (Borgarvefsjá) sést að húsið hefur verið lengt í báða enda og er komið í þá stærð sem það er nú.

Árið 1993 keypti fyrirtækið Hreinsun og flutningar hf. vinnu- og áhaldahús ásamt skúrum sem áður höfðu tilheyrt Krossamýrarbletti 8 af Gjaldheimtunni í Reykjavík. Líklega er þar um að ræða núverandi hús á lóðinni ásamt skúr sem sést vestar á lóðinni á loftmynd 1965. Ári síðar var samþykkt að fjarlægja ósamþykktan 79 fermetra skúr sem stóð vestan við "aðalbygginguna" (vinnu- og áhaldahús?). Árið 2005 var sótt um samþykki fyrir áður byggðu einlyftu atvinnuhúsi úr timbri og aluzinkklæðningu á lóðinni. Húsið var þá mælt upp og teiknað.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einfalt iðnaðarhús.


Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hugsanlega að stofni aðflutt hús sem tilheyrði gamla Landakotsspítala.

Umhverfisgildi: Lágt til miðlungs. Upprunalega húsið er þó nokkuð eldra en önnur hús í götunni. Bílaplan við austur- og vesturgöfl hússins stingur í stúf við götmynd norðan þessa hluta Eldshöfða, þar sem er samfelld húsaröð. Götmynd sunnan þessa hluta Eldshöfða er sundurleitari.

Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn. Loftmyndir sýna að húsið hefur verið stækkað á árunum 1965-1975.

Varðveislugildi: Húsið hefur lágt til miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Ókunnur

Hönnun Sævar Geirsson
tæknifræðingurUpphafleg notkun
Iðnaðarhús

Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Skáþak (skúrþak)
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Tvílyft

Helstu breytingar

1991 Milliloft
? Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Jakob Emil Líndal arkitekt
?

Saga

Húsallengjurnar við Eldshöfða 1, 3 og 5 og 19, 21 og 23 eru hannaðar af Sævari Geirssyni sem samstæða húsa fyrir iðnaðarstarfsemi. Húsin við Eldshöfða 1, 3 og 5 snúa í suður og standa hærra í landinu, en 19, 21 og 23 snúa í norður. Þrátt fyrir að húsasamstæðan hafi verið hönnuð sem ein heild eru húsin byggð af mismunandi aðilum á mismunandi tíma.

Húsið sem hér er til umfjöllunar var byggt árið 1992 skv. Fasteignaskrá. Eignaskiptingu og innanhússkipulagsteikningum var breytt eftir teikningum Jakobs Emils Líndal áður en húsið var reist. Gluggum og hurðum á suðurhlíð hússins hefur jafnframt verið breytt.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs til hátt gildi. Einfalt, reglubundið og formfast iðnaðarhús.


Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar á Ártúnshöfða.

Umhverfisgildi: Hátt. Hluti af samfelldri og reglufastri röð iðnaðarhúsa við Eldshöfða sem myndar heilsteypta götumynd og er sambærileg þeim húsaröðum sem eru hvað mest einkennandi fyrir byggð á Ártúnshöfða, sunnan Stórhöfða og austan Breiðhöfða.

Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Útlitsbreytingar hafa verið gerðar á suðurhlíð hússins.

Varðveislugildi: Húsið hefur miðlungs til hátt varðveislugildi. Það er hluti af samstæðri röð iðnaðarhúsa sem mynda heilsteypta götumynd og æskilegt er að haldi sameiginlegum útlitseinkennum. *Lagt er til að húsaröðin (sem húsið tilheyrir) njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi.*

Fyrsti eigandi Vaka hf. björgunarfélag

Hönnun Páll Hjaltason
arkitektUpphafleg notkun
Bílskúr, Vörugæymsla

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund Steinsteyp, timbur
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteypur

Einlyft ?
 Útlitsbreyting
 á hurðum

?

Saga

Húsið sem hér um ræðir stendur á lóð sem áður tilheyrði Krossamýrarbletti 8. Fyrstu erfðafestulöndunum í Krossamýri var úthlutað upp úr 1936. Blettirnir voru fimmtán talsins og var þeim sem fengu úthlutað landi ætlað að rækta það og girða. Á Krossamýrarblettum var þó nokkuð um iðnað í bland við íbúðarhúsnæði. Iðnaðurinn á Krossamýrarblettum var fyrsti vísirinn að þeim iðnaði sem við þekkjum á svæðinu í dag.

Húsið var upphaflega hannað sem bifreiðaskýli fyrir Vöku hf. af Páli Hjaltasyni arkitekt. Það var reist árið 1992 skv. Fasteignaskrá. Húsið virðist upprunalegt að mestu fyrir utan norðurhlið þar sem hurðum hefur verið breytt frá upphaflegum teikningum.

Varðveislumat

Varðveislugildi: **Byggingin hefur miðlungs til hátt varðveislugildi.** Lagt er til að sementsverksmiðjan sjálf; silóin tvö ásamt stigahúsi, þökkunarstöð og afgreiðsluhúsi (mhl. 3-6 og 14), njóti verndar í **rauðum flokki: Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eda umhverfislegrar sérstöðu þeirra.** Húsin hafa varðveislugildi sem kennileiti og sem minni um sögu iðnaðar á Ártúnshöfða.

Fyrsti eigandi Sementsverksmiðja
ríkisins

Hönnun

Upphafleg notkun
Dæluhús



Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund

Klæðning

Þakgerð

Þakklæðning

Undirstöður

Saga

Byggingar og önnur mannvirki Sementsverksmiðju ríkisins í Reykjavík sem og á Akranesi voru hannaðar af Almenna byggingafélaginu, sem síðar varð Almenna verkfræðistofan.

Húsið er skráð í fasteignaskrá sem matsluti 9 á lóðinni, dæluhús reist árið 1967.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Iðnaðarmannvirki.


Menningarsögulegt gildi: Lágt gildi. Hluti af athafnasvæði Sementsverksmiðju ríkisins. Tengist sögu iðnaðar á Ártúnshöfða.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Dæluhúsið er nánast ósýnilegt innan um grjóthrúgur á lóðinni. Lætur mjög lítið yfir sér.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Óbreytt.

Varðveislugildi: Lágt gildi.

Fyrsti eigandi Björgun ehf.

Hönnun Helgi og Vilhjálmur
Hjálmarssynir, arkitektarUpphafleg notkun
Skrifstofa

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund Steinsteyp
Klæðning Ómúrað, stálplötur
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárujárn
Undirstöður Steinsteypur

Einlyft

1995 Nýbygging,
eldhús og kaffistofa
á milli mhl. 1 og 2

Helgi og Vilhjálmur
Hjálmarssynir arkitekt
Teiknistofan Óðinstorgi

Saga

Húsið var reist árið 1972 sem skrifstofa og afgreiðsla Björgunar hf.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Hátt gildi. Steinsteyp, formfast skrifstofuhúsnæði úr endurteknum einingum og með sýnilegt burðarvirki. Gott dæmi um höfundarverk Helga og Vilhjálms Hjálmarssona.

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs. Hluti af athafnasvæði Björgunar. Tengist sögu iðnaðar á Ártúnshöfða.

Umhverfisgildi:

Miðlungs. Húsið er lítt sýnilegt frá götu en er nokkuð áberandi innan lóðarinnar.


Upprunaleg gerð:

Miðlungs gildi. Gaflar og bitar hússins hafa verið klæddir með stálplötum og byggt hefur verið við austurenda hússins (á milli mhl. 01 og 02) en það er að öðru leyti upprunalegt að formi og gerð.

Varðveislugildi:

Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Björgun ehf.

Hönnun Helgi og Vilhjálmur
Hjálmarssynir, arkitektarUpphafleg notkun
Verkstæði

Upphafleg gerð

Tegund Steinsteipt
 Klæðning Ómúrað, stálplötur
 Þakgerð Mænisþak
 Þakklæðning Bárujárn
 Undirstöður Steinsteiptar

Upphaflegt útlit

Tvílyft

Helstu breytingar

1993 Ný klæðning
 á göflum og bitum

Hönnuðir breytinga

Staðalhús
 Sigurður Guðmundsson og
 Sigurður P. Kristjánsson bygg.fr.

Saga

Húsið var reist árið 1972 sem verkstæði Björgunar hf.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Hátt gildi. Steinsteipt, formfast iðnaðarhúsnæði úr endurteknum einingum og með sýnilegt burðarvirki. Gott dæmi um höfundarverk Helga og Vilhjálms Hjálmarssona.

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs. Hluti af athafnasvæði Björgunar. Tengist sögu iðnaðar á Ártúnshöfða.

Umhverfisgildi:

Miðlungs. Húsið er lítt sýnilegt frá götu en er nokkuð áberandi innan lóðarinnar.

Upprunaleg gerð:

Miðlungs gildi. Gaflar og bitar hússins hafa verið klæddir með stálplötum og byggt hefur verið við austurenda hússins (á milli mhl. 1 og 2) en það er að öðru leyti upprunalegt að formi og gerð.

Varðveislugildi:


Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Breska setuliðið

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Geymsla / Braggi NISSEN (gerð)



Upphafleg gerð

Tegund	Stálgrind
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Bogaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	Steinsteyptar

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

1993 Uppmæling og teikning

Hönnuðir breytinga

Staðalhús
Sigurður Guðmundsson og
Sigurður P. Kristjánsson bygg.fr.

Saga

*Byggingarárið 1994 sem skráð er í Fasteignaskrá virðist miðast við teikningar frá árinu 1993 þegar bragginn var mældur upp en hann virðist hafa verið kominn á staðinn nokkru fyrr. Hann sést á afstöðumynd frá 1984 og loftmyndum frá 1975.

Bragginn er líklega aðfluttur en óljóst er hvaðan hann kemur.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Miðlungs gildi. Eldra hús. Braggi - herskáli.

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs. Hluti af athafnasvæði Björgunar. Tengist sögu iðnaðar á Ártúnshöfða en einnig sögu hernámsára í Reykjavík. Nánari saga þessa bragga er óþekkt.

Umhverfisgildi:

Lágt til miðlungs. Bragginn er lítt áberandi frá götu en sést inn um eystri innkeyrslu á svæði Björgunar.

Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Uppruni braggans er óþekktur en hann virðist að mestu óbreyttur.

Varðveislugildi:

Bragginn hefur miðlungs varðveislugildi.

2.4 Varðveislumat fyrir hús og mannvirki

Í varðveislumati húsakönnunar er gerð grein fyrir *verndarstöðu* viðkomandi húsa og mannvirkja gagnvart lögum og gildandi deiliskipulagi sveitarfélags, þ.e. hvort hús eru friðlýst, friðuð, umsagnarskyld eða hverfisvernduð. Friðlýsing húsa og friðun húsa sem eru 100 ára og eldri byggir á *lögum um menningarminjar nr. 80/2012*. Þar er jafnframt kveðið á um umsagnarskyldu vegna húsa sem byggð eru 1925 og fyrr.⁸¹ Hverfisvernd er skilgreind í *skipulagslögum nr. 123/2010*.⁸²

Í húsakönnunum eru einnig, á grundvelli varðveislumats og niðurstöðu um varðveislugildi, gerðar tillögur um hverfisverndun húsa eða heilda sem síðan geta hlotið staðfestingu í deiliskipulagi. Hverfisvernd húsa og mannvirkja í Reykjavík byggir m.a. á borgarverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem sett er fram í aðalskipulagi. Í *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030* er sett fram núgildandi borgarverndarstefna Reykjavíkurborgar og skilgreindir þeir verndunarflokkar sem byggt er á við hverfisverndun húsa og byggðaheilda í Reykjavík.⁸³ Þar er jafnframt allt svæðið innan gömlu Hringbrautar / Snorrabrautar skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Um verndun á því svæði er auk þess stuðst við eldri húsverndarstefnu (Húsverndarskrá Reykjavíkur) sem gefin var út með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.⁸⁴

Við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja er stuðst við leiðbeiningar Minjastofnunar um gerð byggða- og húsakannana og skráningu húsa og mannvirkja.⁸⁵ Metnir eru eftirfarandi þættir og gildi hvers og eins metið *hátt, miðlungs* eða *lágt*: *Byggingarlistalegt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunaleiki (upprunalegt gildi) og tæknilegt ástand*. Niðurstaða varðveislumats, þ.e. varðveislugildi húss, byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þýngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

2.4.1 Verndunarflokkar

Verndunarflokkar sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012:

Friðlýst hús og mannvirki - BLÁR FLOKKUR

Hús og mannvirki sem friðlýst eru með ákvörðun ráðherra samkvæmt 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Hús sem voru friðuð samkvæmt eldri lögum teljast nú einnig friðlýst.⁸⁶ Um friðlýsingu segir í 5. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012: „Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.“

⁸¹ Lög um menningarminjar nr. 80/2012. VII. kafli, 29.-31. gr.

⁸² Skipulagslög nr. 123/2010. I. kafli, 2. gr. og IV. kafli, 12. gr.

⁸³ *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*, A-hluti: Borg fyrir fólk og C-hluti: Fylgiskjöl, bls. 334 („Aðalskipulag - Borgarverndarstefna“). Sjá vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is> → Þjónusta → Aðalskipulag Reykjavíkur. Sótt í júní 2020.

⁸⁴ *Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

⁸⁵ *Húsaskráning - Huginn - Húsakönnun*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2, bls. 33-34. Sjá vef Minjastofnunar: <http://www.minjastofnun.is/> → Gagnasafn → Leiðbeiningarit.

⁸⁶ Friðlýst hús eru á skrá hjá Minjastofnun Íslands og þar er getið um friðunarár og hvaða hluti byggingar er friðaður, sjá: www.minjastofnun.is → Hús og mannvirki → Friðlýst hús og mannvirki → Reykjavík.

Friðuð hús og mannvirki - FJÓLUBLÁR FLOKKUR

Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri eru friðuð samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/201. Gildir nú um *hús byggð 1920 eða fyrr* samkvæmt Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Athuga skal að heimildir geta verið um annað byggingarár en það sem gefið er upp í Fasteignaskrá.⁸⁷

Umsagnarskyld hús - APPELSÍNUGULUR FLOKKUR

Hús sem hvorki eru friðuð né friðlýst en byggð 1925 eða fyrr, og kirkjur reistar 1940 eða fyrr, eru umsagnarskyld samkvæmt 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, þ.e. eigendum þeirra er skylt að leita umsagnar Minjastofnunar Íslands ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Ákvæði um hverfisvernd í skipulagslögum nr. 123/2010:

I. kafli, 2. gr.: „*Hverfisvernd*: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja.“

IV. kafli, 12. gr.: „Ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.“

Verndunarflokkar sem byggja á hverfisvernd skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og borgarverndarstefnu Reykjavíkur í AR 2010-2030:⁸⁸

Einstök hús, húsaraðir og götumyndir - RAUÐUR FLOKKUR

Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.⁸⁹

Samstæður húsa og heildir - GULUR FLOKKUR

Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.⁹⁰

⁸⁷ Komi upp vafamál í tengslum við byggingarár húsa í Reykjavík má leita upplýsinga hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur í gegnum netfangið minjavarsla@reykjavik.is.


⁸⁸ *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*, C-hluti: Fylgiskjöl, bls. 334. Sjá vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is> → Þjónusta → Aðalskipulag Reykjavíkur.

⁸⁹ Áður: **grænn** flokkur: Verndun 20. aldar bygginga, **rauður** flokkur: Tillaga að friðun og **dökkgulur** flokkur: Verndun götumynda, sjá *Húsvernd í Reykjavík*, þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

⁹⁰ Áður: **ljósgulur** flokkur: Verndun byggðamynsturs og **milligulur** flokkur: Verndun svæða, sjá *Húsvernd í Reykjavík*, þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

2.4.2 Ártúnshöfði – Svæði 1-4: Samantekt

Til umfjöllunar er skipulagssvæði á *Ártúnshöfða* í Reykjavík, en Ártúnshöfði er landsvæði sem gengur út á milli Elliðaársvogs og Grafarvogs. Svæðið sem hér er til umfjöllunar er hluti af stærra svæði sem rammaskipulag fyrir Elliðaárvog-Ártúnshöfða tekur til, sem afmarkast nokkurn veginn af Vesturlandsvegi til suðurs, Elliðaárvogi til vesturs, strandlínu uppfyllinga við Elliðaárvog/Grafarvog til norðurs og Gullinbrú og Höfðabakka til austurs.⁹¹ Svæðinu sem hér er til umfjöllunar, norðvesturhluta Ártúnshöfða, hefur síðan verið skipt í fjögur deiliskipulagssvæði (sjá mynd 1) og eru þau öll til umfjöllunar hér.⁹²



Mynd 27. Skipting svæðisins í fjögur deiliskipulagssvæði.⁹³

⁹¹ Sjá skipulagslýsingar vegna deiliskipulags svæða á Ártúnshöfða við Elliðaárvog (svæði 1-3), útg. af Umhverfis og skipulagssviði, 6.12.2017. Sjá vef Reykjavíkurborgar: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Tímabil: 29.12.2017-26.1.2018 / Leit: „Elliðaárvogur lýsing“.

⁹² Sjá skipulagslýsingar vegna deiliskipulags svæða á Ártúnshöfða við Elliðaárvog (svæði 1-3), útg. af Umhverfis og skipulagssviði, 6.12.2017. Sjá vef Reykjavíkurborgar: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Tímabil: 29.12.2017-26.1.2018 / Leit: „Elliðaárvogur lýsing“.

⁹³ Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.

Á öllu svæðinu er iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, aðallega frá síðari hluta 20. aldar en iðnaðarstarfsemin á svæðinu á rætur að rekja til Krossamýrarbletta og grjót- og sandnáms bæjarins sem hófst á fyrri hluta fimmta áratugarins. Í heild sinni er byggðin vitnisburður um sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi í Reykjavík en byggingarnar eru mismunandi að gerð og uppruna. Há síló og pökkunarbygging frá tíð Sementverksmiðju ríkisins einkennir svæði 1. Á svæði 2 eru stakstæð hús af ólíkum toga, þar á meðal nokkur fágæt dæmi um yfirbyggð grjótmulningshús frá sjöunda áratug 20 aldar. Svæði 3 einkennist annars vegar af stakstæðum iðnaðarhúsum og hins vegar samfelldum iðnaðarhúsum, en slíkar lengjur samfelldra iðnaðarhúsa eru hvað mest einkennandi fyrir byggð á Ártúnshöfða, sunnan Stórhöfða og austan Breiðhöfða. Svæði 4 einkennist að stórum hluta af starfsemi Steypustöðvarinnar en þar er einnig eina eftirstandandi byggingin frá tíð Krossamýrarbletta (Einingaverksmiðjan).

2.4.3 Verndarstaða húsa og mannvirkja á svæðinu gagnvart lögum um menningarminjar

Ekkert þeirra húsa eða mannvirkja sem standa innan deiliskipulagssvæðisins í dag (2021) er friðlýst eða fellur undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 um friðun eða umsagnarskyldu vegna aldurs.⁹⁴

⁹⁴ Sjá Lög um menningarminjar nr. 80/2012, V. og VI. kafla.

2.4.4 Ártúnshöfði – Svæði 1: Varðveislumat og tillögur um hverfisvernd

Svæðið einkennist af blönduðum iðnaði en fyrsta fyrirtækið sem hóf starfsemi sína þar í byrjun sjötta áratugar 20. aldar var Steypustöðin hf. að Malarhöfða 10. Meðal þeirra bygginga sem einkenna svæðið er röð af bogaskemmum sem stendur við Þórðarhöfða 4 og var reist í áföngum á árunum 1966-1979. Innan svæðisins eru einnig iðnaðarhús við Funahöfða sem eru hulti af þeirri iðnaðarbyggð sem er líklega hvað mest einkennandi fyrir byggð á Ártúnshöfða, sunnan Stórhöfða og austan Breiðhöfða, þar sem samfelldar og reglufastar raðir iðnaðarhúsa mynda heilsteypta götummynd. Innan svæðisins fellur einnig hluti bygginga sem tilheyra athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða á lóðinni Sævarhöfða 6-10, þ.e. grjótmulningshús (mhl 23, 24 og 27).

Grjótmulningshúsin voru byggð 1961 eftir teikningum Rögnvaldar Þorsteinssonar bæjarverkfræðings. Þau eru enn í notkun og eru einstök í borgarsögunni, meðal annars vegna þess að þar er um að ræða fágæta yfirbyggða starfsemi sem hefur sterk tengsl við innviðasögu borgarinnar. Grjótmulningshúsin, sem þjóna enn sínum upphaflega tilgangi, standa sem minnisvarði um þá starfsemi sem á sér einna lengsta sögu á Ártúnshöfðanum. Að flétta gamalt iðnaðarhúsnæði saman við nýja byggð er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 þar sem skilgreind eru markmið um að „[m]enningarsöguleg gildi verði höfð í heiðri við skipulagningu, hönnun og uppbyggingu borgarinnar á öllum stigum“ og að „[v]arðveisla byggingar- og skipulagsarfs fortíðarinnar og efling byggingarlistar og borgarhönnunar í samtímanum haldist í hendur.“⁹⁵ Varðveisla grjótmulningshúsanna ætti því að falla vel að markmiði aðalskipulagsins.

GULUR FLOKKUR: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

Grjótmulningshús við Sævarhöfða 6-10 (mhl. 23, 24 og 27)⁹⁶

Grjótmulningshúsin eru einstök í borginni og borgarsögunni, meðal annars vegna þess að hér er um að ræða fágæta yfirbyggða starfsemi. Núverandi starfsemi á lóðinni á rætur að rekja til upphafs iðnaðar á Ártúnshöfðanum, en grjót- og sandnám bæjarins við Elliðaárvog hófst upp úr 1945. Húsin hafa sinnt sama hlutverki frá upphafi ásamt því að halda grunngerð sinni og upphaflegum einkennum. Þau hafa heildstætt yfirbragð og einkenna svæðið. Þau eru áhugavert dæmi um iðnaðarhúsnæði sem hefur sterk tengsl við innviða- og iðnaðarsögu borgarinnar. Menningarsögulegt gildi húsanna getur falið í sér eftirsóknarverða eiginleika m.t.t. blandaðrar byggðar.

Fyrir þau hús sem vernduð eru í gulum flokki gilda þau almennu verndunarákvæði sem í eldri húsverndarstefnu⁹⁷ eiga við um milligulan flokk: *Svæði sem lagt er til að vernda* og ljósgulan

⁹⁵ Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. A-hluti. Borg fyrir fólk, bls. 157 og 165.


⁹⁶ Þrír af fjórum matshlutum á svæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða sem tilheyra grjótmulningsstöðinni (mhl. 23, 24 og 27) falla innan svæðis 1 og eru því skráðir hér undir svæði 1 í húsaskrá og varðveislumati. Einn hluti þessarar grjótmulningsstöðvar (mhl. 22) fellur hins vegar innan svæðis 2 og er því skráður hér undir svæði 2 í húsaskrá og varðveislumati.

⁹⁷ Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

flokk: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda.

- Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum.
- Upprunaleg veggáferð (t.d. múrlitur) húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist.
- Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.
- Breytingar taki mið af mælikvarða byggðar og hlutföllum húsa.

HÚSVERNDARKORT - Svæði 1⁹⁸



⁹⁸ Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.

2.4.5 Ártúnshöfði – Svæði 2: Varðveislumat og tillögur um hverfisvernd

Innan svæðisins eru hús við götuna Sævarhöfða. Svæðið einkennist af grófum iðnaði, aðallega tengdum Malbikunarstöðinni Höfða (áður Grjótnám og Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar) og Vörubílastöðinni Þrótti (áður Pípugerð Reykjavíkur). Iðnaður á svæðinu hófst upp úr 1945 í kringum grjót- og sandnám bæjarins.

Grjótmulningshús byggð 1961 eftir teikningum Rögnvaldar Þorsteinssonar bæjarverkfræðings eru enn í notkun en þau eru einstök í borgarsögunni, meðal annars vegna þess að þar er um að ræða fágæta yfirbyggða starfsemi sem hefur sterk tengsl við innviðasögu borgarinnar. Grjótmulningshúsin, sem þjóna enn sínum upphaflega tilgangi, standa sem minnisvarði um þá starfsemi sem á sér einna lengsta sögu á Ártúnshöfðanum. Að flétta gamalt iðnaðarhúsnæði saman við nýja byggð er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 þar sem skilgreind eru markmið um að „[m]enningarsöguleg gildi verði höfð í heiðri við skipulagningu, hönnun og uppbyggingu borgarinnar á öllum stigum“ og að „[v]arðveisla byggingar- og skipulagsarfs fortíðarinnar og efling byggingarlistar og borgarhönnunar í samtímanum haldist í hendur.“⁹⁹ Varðveisla grjótmulningshúsanna ætti því að falla vel að markmiði skipulagsins.

GULUR FLOKKUR: *Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.*

Grjótmulningshús við Sævarhöfða 6-10 (mhl. 22, 23, 24, 27)¹⁰⁰

Grjótmulningshúsin eru einstök í borginni og borgarsögunni, meðal annars vegna þess að hér er um að ræða fágæta yfirbyggða starfsemi. Núverandi starfsemi á lóðinni á rætur að rekja til upphafs iðnaðar á Ártúnshöfðanum, en grjót- og sandnám bæjarins við Elliðaárvog hófst upp úr 1945. Húsin hafa sinnt sama hlutverki frá upphafi ásamt því að halda grunngerð sinni og upphaflegum einkennum. Þau hafa heildstætt yfirbragð og einkenna svæðið. Þau eru áhugavert dæmi um iðnaðarhúsnæði sem hefur sterk tengsl við innviða- og iðnaðarsögu borgarinnar. Menningarsögulegt gildi húsanna getur falið í sér eftirsóknarverða eiginleika m.t.t. blandaðrar byggðar. Yngri hringbygging við matshluta 22 er undanskilin verndun.

Fyrir þau hús sem vernduð eru í gulum flokki gilda þau almennu verndunarákvæði sem í eldri húsverndarstefnu¹⁰¹ eiga við um milligulan flokk: *Svæði sem lagt er til að vernda* og ljósgulan flokk: *Byggðamynstur sem lagt er til að vernda.*


- *Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum.*
- *Upprunaleg veggáferð (t.d. múrlitur) húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist.*
- *Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.*
- *Breytingar taki mið af mælikvarða byggðar og hlutföllum húsa.*

⁹⁹ Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. A-hluti. Borg fyrir fólk, bls. 157 og 165.

¹⁰⁰ Einn hluti grjótmulningsstöðvarinnar (mhl. 22) fellur innan svæðis 2 og er því skráður hér undir svæði 2 í húsaskrá og varðveislumati. Aðrir hlutar stöðvarinnar (mhl. 23, 24 og 27) falla innan svæðis 1 og eru því skráðir undir svæði 1 í húsaskrá og varðveislumati.

¹⁰¹ Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 996-2016.

HÚSVERNDARKORT – Svæði 2¹⁰²



¹⁰² Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.

2.4.6 Ártúnshöfði – Svæði 3: Varðveislumat og tillögur um hverfisvernd

Á svæði 3 er að finna 39 byggingar. Við göturnar Eirhöfða, Breiðhöfða, Stórhöfða og Svarthöfða er í flestum tilfellum um stakstæð iðnaðarhús að ræða, byggð á mismunand tímum (tímabilinu 1962-2010). Húsin eru ekki byggð eftir skýru skipulagi og eru mismunandi að stærð, gerð og staðsetningu gagnvart götu. Við Eldshöfða má finna stakstæð iðnaðarhús í bland við heildstæðar samfelldar iðnaðarhúsalengur. Að mestu leyti er útlit og fyrirkomulag iðnaðarhúsalengjanna byggt á einum og sama uppdrætti en ýmsir aðilar hafa komið að byggingu hvers og eins hluta. Framhliðar, litir og gluggagerðir eru því mismunandi, sem gefur húsaröðunum fjölbreytt yfirbragð.

GULUR FLOKKUR: *Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.*

Húsalengjurnar við Eldshöfða 1-7 og 13-23 (oddatölur)

Heildstæðar og samfelldar raðir iðnaðarhúsa sem byggð voru á tímabilinu 1987-2003. Húsin við Eldshöfða 1, 3, 5 og 7 og 13, 15, 17, 19, 21 og 23 mynda tvær samfelldar og reglufastar raðir iðnaðarhúsa sem snúa annars vegar að syðri hluta Eldshöfða og hins vegar að norðurhluta götunnar. Húsið Eldshöfði 9 er hluti af syðri húsalengjunni, en brýtur upp og er í ósamræmi við heildrænt útlit hennar og er því undanskilið verndun í gulum flokki. Húsalengjurnar mynda heilsteypa götumynd og eru sambærilegar þeim húsaröðum sem eru hvað mest einkennandi fyrir byggð á Ártúnshöfða, sunnan Stórhöfða og austan Breiðhöfða. Húsin hafa að jafnaði haldið grunngerð sinni. Þau eru einföld, lágstemmd og í fínlegum mælikvarða en hafa jafnframt fjölbreytt og áhugavert yfirbragð.

Fyrir þau hús sem vernduð eru í gulum flokki gilda þau almennu verndunarákvæði sem í eldri húsverndarstefnu¹⁰³ eiga við um milligulan flokk: *Svæði sem lagt er til að vernda og ljósgulan flokk: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda.*


- *Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum.*
- *Upprunaleg veggáferð (t.d. múrlitur) húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist.*
- *Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.*
- *Breytingar taki mið af mælikvarða byggðar og hlutföllum húsa.*

Gera má ráð fyrir aðlögun húsanna að nýju hlutverki í nýrri byggð, t.d. með breytingum á innra fyrirkomulagi. Við breytingar skal horft til eftirfarandi:

- *Við hönnun breytinga og endurnýjun húsa skal reynt að varðveita og styrkja upprunalega heildarmynd iðnaðarhúsalengjunnar. Stærðarhlutföll og ytri hönnun sé í samræmi við upphaflega byggingu.*
- *Hugað verði sérstaklega að skýrum dráttum götumyndar.*
- *Hugað verði að varðveislukarakters og andblæjar svæðisins.*

¹⁰³ Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 996-2016.

HÚSVERNDARKORT – Svæði 3¹⁰⁴



¹⁰⁴ Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.

2.4.7 Ártúnshöfði – Svæði 4: Varðveislumat og tillögur um hverfisvernd

Svæðið afmarkast af strandlínu til vesturs og norðurs, fyrirhugaðri götu vestan núverandi Bryggjuhverfis (Tangarbryggju) til austurs og Sævarhöfða til suðurs. Svæði 1 einkennist af grófum iðnaði og byggingarnar á lóðunum tveimur, Sævarhöfða 1 og 2, tilheyra allar starfsemi þeirra fyrirtækja sem þar hafa starfað frá því á sjöunda áratug 20. aldar; Björgun hf. og Sementverksmiðju ríkisins. Svæðið er að stórum hluta landfylling en nyrsta beygja Sævarhöfða markar nokkurn veginn legu Ártúnshöfða við sjó eins og hann var fyrir gerð þeirra miklu landfyllinga sem gerðar hafa verið umhverfis hann á síðari hluta 20. aldar. Svæði 1 einkennist af grófum iðnaði og byggingarnar á lóðunum tveimur, Sævarhöfða 31 og 33, tilheyra allar iðnaðarstarfsemi þeirra fyrirtækja sem þar hafa starfað síðan á sjöunda áratugi 20. aldar; Björgun hf. og Sementsverksmiðju ríkisins. Um er að ræða tólf hús og mannvirki sem hýsa verksmiðjur, vörugeymslur og skrifstofur. Mannvirkin eru ýmist klædd stálgrindarhús eða steinsteyppt iðnaðarmannvirki.

RAUÐUR FLOKKUR: *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

Sævarhöfði 31 (mhl. 3, 4, 5, 6 og 14)

Lagt er til að sementsverksmiðjan sjálf; sílóin tvö ásamt stigahúsi, pökkunarstöð og afgreiðsluhúsi (mhl. 3-6 og 14), njóti verndar í rauðum flokki. Húsin hafa varðveislugildi sem kennileiti og sem minni um sögu iðnaðar á Ártúnshöfða.

Fyrir hús sem vernduð eru í rauðum flokki gilda þau almennu verndunarákvæði sem í eldri húsverndarstefnu¹⁰⁵ eiga við um rauðan flokk: *Byggingar sem lagt er til að friða*, grænan flokk: *Verndun 20. aldar bygginga* og dökkgulan flokk: *Verndun götumynda, húsaraða og húsa með umhverfisgildi*.

- *Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.*
- *Æskilegt er að útlit húsa verði lagfært með hliðsjón af upphaflegri gerð.*
- *Útlit húsa verði fært til upprunalegs horfs, þar sem breytingar eru til lýta.*


Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 996-2016.

HÚSVERNDARKORT – Svæði 4¹⁰⁶



¹⁰⁶ Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.

HÚSVERNDARKORT – Heildarkort yfir svæði 1-4¹⁰⁷



¹⁰⁷ Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.

Heimildaskrá

Óprentaðar / Óútgefnar heimildir

Borgarskjalasafn Reykjavíkur:

Skjöl byggingarnefndar (B).

Krossamýrarblettur 1 (B/3204).

Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E).

Krossamýrarblettur 9 (E/537).

Borgarsögusafn Reykjavíkur:

Deild minjavörslu og rannsókna (Árbæjarsafni).

Húsaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá og gagnasafn.

Kortasafn.

Kort af Reykjavík og Hafnarfirði 1941 (1:25.000), unnið af kortadeild breska hersins (Geographical Section, General Staff, no. 4186), útg. af War Office 1941.

Rafræn gögn.

Ljósmyndir teknar við vettvangskonun.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Ljósmyndir úr safneign.

Skjalaver Reykjavíkurborgar:

Skipulagsuppdættir.

Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdættir.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:

Örnefnasafn.

Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-2). Skráð í Sarp - Menningarsögulegt gagnasafn. Vefslóð: sarpur.is → Leitarstillingar: Örnefnasafn Árnastofnunar - Örnefnalýsingar - Leitarorð: 181181-2 - Birta aðföng án mynda.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur:

Landupplýsingar.

Kortasafn.

Hirsla II, mappa 13 -3. Kort af Árbæ (1:5000), unnið af Forverk hf. 1962, útg. af Skipulagsstjóra ríkisins, blað 44.

Prentaðar / útgefnar heimildir

Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83. Reykjavíkurborg. Reykjavík 1966.

Aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016. Borgarskipulag Reykjavíkur og Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík. Reykjavík 1997.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur. Reykjavík 2013.

Alþýðublaðið, 23.7.1967.

Árni Hjartarson og Helgi M. Sigurðsson: *Ellidaárdalur. Perla Reykjavíkur*. Ritstjóri: Ívar Gissurarson. Reykjavík 2016.

Árni Óla: „Ellidaármálin“. *Ellidaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Ritstjóri Guðmundur Daníelsson. Reykjavík 1968. Bls. 27-68.

Ársskýrsla SORPU 2011. Ritstjóri: Karen Hulda Kristjánsdóttir. Reykjavík [án útg.árs]. Sjá heimasíðu Sorpu: <http://www.sorpa.is> → Útgefið efni → Eldri ársskýrslur → Ársskýrsla 2011 → https://sorpa.dccweb.net/media/2/arsskyrsla_sorpa_2011_net_opnur.pdf. Sótt: 6.4.2021.

Dagblaðið Vísir, 21.5.1993.

Dagsbrún, 1.5.1989.

Dagskrá, 13.7.1898.

Eggert Þór Bernharðsson: *Sveitin í sálinni. Búskapur í Reykjavík og myndun borgar*. Reykjavík 2014.

Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 4. bindi (Lykilbók). Reykjavík 1989.

Fjallkonan, 15. árg. 1898, 45. tbl.

Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærin vaknar. 1870-1940*. Fyrri hluti. Reykjavík 1991.

Helga Maureen Gylfadóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Pétur H. Ármannsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Vogahverfi*. Minjasafn Reykjavíkur, skýrsla 151. Reykjavík 2010.

Hilmar Garðarsson: *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999*. Umsjón útgáfu: Kolbeinn Bjarnason og Lýður Björnsson. Orkuveita Reykjavíkur. Reykjavík 2007.

Húsaskráning - Huginn - Húsakönnun. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2. Reykjavík 2019. Sjá vef Minjastofnunar: <http://www.minjastofnun.is/> → Gagnasafn → Leiðbeiningarit. *Ísafold*, 28. maí 1897; 9. júní 1897; 12. nóvember 1898.

Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*. Ritstjóri: Nikulás Úlfar Másson. Reykjavík 1998.

Iðnaðarmál, 1.4.1960.

Ísafold, 28.5.1897; 9.6.1897; 12.11.1898.

Ísland, 2. árg. 1898, 30. tbl.

Lesbók Morgunblaðsins, 2.12.1945.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1.1.2013. Sjá vef alþingis:
<http://www.althingi.is> → Lagasafn.

Morgunblaðið, 27.4.1990; 1.8.1995; 20.6.2003.

Nýja dagblaðið, 7.12.1933; 22.11.1936.

Nýja öldin, 1. árg. 1897-1898, 58. tbl.

Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við sund*. 1. bindi (A-G) og 2. bindi (H-P). Reykjavík 1986 og 1987.

Páll Líndal: *Reykjavík. Byggðarstjórn í þúsund ár. Saga sveitarstjórnar frá upphafi til 1970*. Reykjavík 1986.

Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019. Dags. og undirritaðar 14. júní 2019. Auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda 1. júlí 2019. Sjá vef Stjórnartíðinda: stjornartidindi.is.

Skipulagslög nr. 123/2010. Tóku gildi 1.1.2011. Sjá vef alþingis:
<http://www.althingi.is> → Lagasafn.

Skipulagslýsingar vegna deiliskipulags svæða á Ártúnshöfða við Elliðaárvog (svæði 1-3), útg. af umhverfis og skipulagssviði, 6.12.2017. Sjá vef Reykjavíkurborgar: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Tímabil: 29.12.2017-26.1.2018 / Leit: „Elliðaárvogur lýsing“.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dags. 16.01.2013. Sjá reglugerðasafn dómsmálaráðuneytis: reglugerd.is.

Tímarit Verkfræðingafélags Íslands, 1.2.1959.

Tíminn, 30.9.1954.

Trausti Valsson: *Skipulag byggðar á Íslandi frá landnámi til liðandi stundar*. Reykjavík 2002.

Vísir, 14.6.1965; 11.8.1965.

Þjóðólfur, 28.4.1871; 30.4.1897; 18.11.1898.

Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin. Búskapur í Reykjavík 1870–1950*. Ritröð: Safn til sögu Reykjavíkur. Reykjavík 1986.

Rafrænar heimildir / Vefsíður / Gagnagrunnar

Ársskýrsla SORPU 2011. Ritstjóri: Karen Hulda Kristjánsdóttir. Reykjavík [án útg.árs]. Sjá heimasíðu Sorpu: <http://www.sorpa.is> → Útgefið efni → Eldri ársskýrslur → Ársskýrsla 2011 → https://sorpa.dccweb.net/media/2/arsskyrsla_sorpa_2011_net_opnur.pdf. Sótt: 6.4.2021.

Ellidaárvogur/Ártúnshöfði svæði 1. Skipulagslýsing vegna deiliskipulags. Umhverfis og skipulagssvið. Dags 12.07.2018. Sjá vefur Reykjavíkurborgar: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Leit: Ellidaárvogur/Ártúnshöfði svæði 1, lýsing.

Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

Reglugerðasafn dómsmálaráðuneytis: reglugerd.is.

Skipulagssjá Reykjavíkurborgar: <https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/>.

Tímaritavefur Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns: <http://timarit.is/>.

Vefur Alþingis: <http://www.althingi.is/> → Lagasafn.

Vefur Björgunar ehf.: <http://www.bjorgun.is> → Um Björgun → Saga.

Vefur Borgarsögusafns Reykjavíkur: <http://borgarsogusafn.is/> → Útgáfa → Skýrslur.

Vefur Malbikunarstöðvarinnar Höfða: <https://malbik.is> → Fyrirtækið.

Vefur Minjastofnunar Íslands: <http://www.minjastofnun.is/>.

Vefur Reykjavíkurborgar: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu.

Vefur skjalavers Reykjavíkurborgar: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Skipulagsuppdrættir; Aðaluppdrættir; Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Vefur Steypustöðvarinnar: <http://www.steypustodin.is> → Um okkur → Saga Steypustöðvarinnar ehf. og Loftorku ehf.

Vefur Stjórnartíðinda: stjornartidindi.is.

Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: <http://www.skra.is/> → Fasteignir → Skoða fasteign.

Munnlegar heimildir

Árni Ragnarsson, verkstæðisformaður Steypustöðvarinnar, dags. 14.6.2018.

Magnús Magnússon deildarstjóri hráefnadeildar Malbikunarstöðvarinnar Höfða, dags. 14.6.2018.

Viggó Guðmundsson, starfsmaður Hreinsunar og flutnings ehf., dags. 5.5.2018.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

- 160 Anna Lís Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson: *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*. Rvk. 2012.
- 161 Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmyri, Seljamýri, Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2013.
- 162 Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013.
- 163 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.
- 164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.
- 165 Bragi Bergsson: *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.
- 166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjálarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 167 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Vallá á Kjálarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 168 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdareftirlit á bæjarstæði Breiðhóls*. Rvk. 2014.
- 169 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Stórasels*. Rvk. 2014.
- 170 Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Skrauthólar á Kjálarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 171 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna María Bogadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir: *Vogabyggð. Svæði 1-3. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 172 Margrét Björk Magnúsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir: *Framkvæmdareftirlit vegna viðhalds á Árbæ 2015*. Rvk. 2015.
- 173 Anna Lís Guðmundsdóttir, Anna María Bogadóttir: *Kirkjusandur. Borgartún 41 og Kirkjusandur 2. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2016.
- 174 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Kirkjugarður í landi Lambhaga við Úlfarsfelli. Fornleifaskráning*. Rvk. 2016.
- 175 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Kennaraháskólareitur. Stakkahlíð, Háteigsvegur, Bólstaðarhlíð*. Rvk. 2016.
- 176 Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Keilugrandi, Boðagrandi, Fjörugrandi*. Rvk. 2016.
- 177 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Grundarstígsreitur*. Rvk. 2016.
- 178 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Hafnarstræti frá Pósthússtræti að Tryggvagötu. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 179 Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016*. Rvk. 2017.
- 180 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Hof 1. Landnúmer 125848. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 181 María Gísladóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Borgartún 34-36. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 182 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Ellidaárdalur. Svæðið norðan Stekkjarbakka. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 183 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7 – Árbær*. Rvk. 2017.
- 184 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Heklureitir. Bolholt, Brautarholt, Laugavegur, Nóatún, Skipholt*. Rvk. 2017.
- 185 Anna María Bogadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Skeifan. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 186 Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins*. Rvk. 2017.
- 187 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Úlfarsárdals*. Rvk. 2017.
- 188 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags 1. áfanga við Gufunes*. Rvk. 2018.
- 189 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsvegar frá Leirvogsa að Hvalfirði*. Rvk. 2018.
- 190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017*. Rvk. 2018.
- 191 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfnesvík Þerneyjarsundi*. Rvk. 2018.
- 192 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði*. Rvk. 2018.
- 193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut*. Rvk. 2018.
- 194 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahjúk Úlfarsfelli*. Rvk. 2018.
- 195 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár*. Rvk. 2019.
- 196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018*. Rvk. 2019.
- 198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða*. Rvk. 2019.
- 200 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjálarnesi vegna deiliskipulags*. Rvk. 2019.
- 202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Sofía Ingólfssdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Amundadóttir, Snædís Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019*. Rvk. 2020.
- 203 Anna Lís Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ellidaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 205 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Göngustígur í Öskjuhlíð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 206 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Skúlagata – Frakkastígur 1. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 207 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 208 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Veðurstofuhæð. Húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 209 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 210 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Laugavegur sem göngugata 2. áfangi. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.